

LÍFEYRISSJÓDIR Í 100 ÁR 1970-2070

SAGA, STADA OG FRAMTÍÐ

BREYTINGAR Á UMHVERFI
LÍFEYRISSJÓDA OG RÉTTINDUM
SJÓDFÉLAGA

TRYGGINGAVERND

UMFANG OG ÁHÆTTA



UNNIÐ FYRIR
BIRTU LÍFEYRISSJÓÐ
TALNAKÖNNUN HF.
NÓVEMBER 2021

2. ÚTGÁFA

Efnisyfirlit

Töflur og myndir.....	3
Inngangur	5
Helstu niðurstöður	6
Helstu þættir lífeyriskerfa	7
Áhættuþættir í lífeyriskerfinu	9
Birta lífeyrissjóður - stutt yfirlit.....	10
Íslenska lífeyriskerfið í alþjóðlegu samhengi	11
Forsendur	18
Lífslíkur	18
Ávöxtun lífeyrissjóða.....	21
Tekjudreifing eftir aldri	24
Iðgjöld til lífeyrissjóða	25
Launaþróun	29
Samspil lífeyriskerfisins og almannatrygginga	35
Hvað ef allir fengju fullan lífeyri?	36
Breytingar á tekjum og áhrif á almannatryggingar	37
Þróun greiðslna almannatrygginga næstu áratugi.....	40
Þróun séreignar	43
Um tilgreinda séreign.....	45
Þróun örorku	47
Mismunandi örorkulíkur eftir sjóðum.....	47
Tölur Hagstofu um greiðslur til öryrkja.....	48
Hvernig hefur örorka þróast undanfarin ár?.....	49
Margir öryrkjar eru ekki í lífeyrissjóði	50
Spá um hlutfall öryrkja til 2070.....	51
Nægjanleiki lífeyris.....	54
Þróun hreinnar eignar	55
Minnkandi skuldir og vaxandi eignir	59
Lífeyrissparnaður – stærsta eignin.....	61
Þróun lífeyriskjara sjóðfélaga Birtu	63
Stærð lífeyriskerfisins.....	68
Skattar eftirlaunaþega	71
Niðurlag.....	73

Tölur og myndir

Mynd 1: Lífeyriskerfið í samfélaginu.....	8
Mynd 2: Heimslífeyrisvísitalan	11
Tafla 1: Einkunnir lífeyriskerfa 2020.....	12
Mynd 3: Eignir lífeyrissjóða og skuldir heimila í mörgum löndum.....	13
Mynd 4: Staða Evrópulanda í fjármögnun lífeyrisskuldbindinga árið 2018	14
Mynd 5: Ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar í Evrópulöndum og miðgildi aldurs	15
Mynd 6: Ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar í Evrópulöndum og hlutfall 65 ára og eldri.....	16
Mynd 7: Hlutfall 65 ára og eldri af fólki á vinnualdri.....	17
Mynd 8: Ólífud ár við fæðingu 1971-2070 (spá 2021-270).....	18
Mynd 9: Ólífud ár við 67 ára aldur 1971-2070 (spá frá 2021)	19
Mynd 10: Ellilífeyrisaldur miðað við að ólífud ár við töku ellilífeyris séu þau sömu og 1971.....	20
Mynd 11: Árleg raunávöxtun lífeyrissjóða 1971-2020.....	22
Mynd 12: Fimm ára raunávöxtun lífeyrissjóða 1991-2020.....	22
Mynd 13: Tíu ára raunávöxtun lífeyrissjóða 1980-2020	23
Mynd 14: Fimmtán ára raunávöxtun lífeyrissjóða 1991-2020	23
Mynd 15: Raunávöxtun lífeyrissjóða að frádregnum rekstrarkostnaði í nokkrum OECD-löndum árið 2020 (vinstri mynd) og Meðalraunávöxtun lífeyrissjóða í nokkrum OECD-löndum að frádregnum rekstrarkostnaði 2011-2020 (hægri mynd).....	24
Mynd 16: Hlutfall tekjuskattstofns af meðaltali eftir aldri og kyni – 2019.....	25
Mynd 17: Hlutfallsleg skipting aldurshópa 1998-2070	26
Mynd 18: Hlutfall eldri og yngri af fólki á vinnualdri 1998-2070.....	27
Mynd 19: Vöxtur iðgjalda og fjölgun iðgjaldagreiðenda 2021-2070.....	27
Mynd 20: Fjölgun ellilífeyrisþega og aukning lífeyris 2021-2070	28
Mynd 21: Skipting mannfjöldans árið 1998 og 2021	29
Mynd 22: Skipting mannfjöldans árið 2041 og 2070	29
Mynd 23: Þróun launakostnaðar af vergri landsframleiðslu 1997-2019.....	30
Mynd 24: Launakúrvur eftir aldri.....	31
Mynd 25: Laun á vinnumarkaði til lengri og skemmri tíma.....	32
Mynd 26: Kaupmáttarbreyting í Bandaríkjunum 1979-2018.....	33
Mynd 27: Kaupmáttarbreyting eftir aldri á Íslandi 1994-2019 - allir.....	34
Mynd 28: Kaupmáttarbreyting eftir aldri á Íslandi 1994-2019 - karlar.....	35
Mynd 29: Lækkun á greiðslum frá TR eftir tekjum.....	36
Mynd 30: Tekjufjórðungar 25 ára eftir kyni á föstu verðlagi. 1994, 2004, 2009 og 2019.....	37
Mynd 31: Tekjufjórðungar 45 ára eftir kyni á föstu verðlagi. 1994, 2004, 2009 og 2019.....	38
Mynd 32: Tekjufjórðungar 65 ára eftir kyni á föstu verðlagi. 1994, 2004, 2009 og 2019.....	38
Mynd 33: Tekjufjórðungar 75 ára eftir kyni. 1994, 2004, 2009 og 2019, spá 2045, 2070.....	39
Mynd 34: Þróun greiðslna lífeyris frá TR og lífeyrissjóðum 1997-2019	40
Mynd 35: Skipting lífeyrisgreiðslna TR 1997-2019	41
Mynd 36: Þróun ellilífeyrisgreiðslna TR/VLF 2019-2067 m.v. mismunandi forsendur	41
Mynd 37: Spá um þróun greiðslna úr lífeyrissjóðum og frá almannatryggingum 2021-70	42
Mynd 38: Uppsafnaður séreignarsparnaður 1998-2020	43
Mynd 39: Hlutfall séreignasparnaðar af samtryggingu 1998-2020.....	44
Tafla 2: Stærðarröð íslenskra lífeyrissjóða og skipting milli samtryggingar og séreignar 2020	45
Tafla 3: Heildarlífeyrisgreiðslur sem hlutfall af meðalmánaðarlaunum einstaklings sem vinnur til 67 ára.....	46
Mynd 40: Samanburður á uppsafnaðri örorkuúðni karla.....	47

Mynd 41: Samanburður á uppsafnaðri örorkuúðni kvenna.....	48
Mynd 42: Skipting á lífeyri til öryrkja	48
Mynd 43: Öroroka árin 2007 til 2018 eftir aldurshópum	49
Mynd 44: Samanburður á reiknuðum örorkulíkum karla og kvenna	50
Mynd 45: Hlutfall örorkulífeyrisþega sem aðeins fá lífeyri frá TR í aldurshópum 2007-18.....	50
Mynd 46: Samanburður á hlutfalli örorkulífeyrisþega hjá TR eftir kynjum og aldri 2007-28.....	51
Mynd 47: Spá um hlutfall öryrkja af mannfjölda 2021-2070	52
Mynd 48: Spá um hlutfall örorkulífeyris af VLF 2021-70	53
Mynd 49: Útgjöld heimila eftir aldri – Bretland.....	54
Mynd 50: Útgjöld á mann eftir aldri – Bandaríkin	55
Mynd 51: Eignir í milljónum króna eftir aldri. Samanburður miðgildis og meðaltals	56
Mynd 52: Skuldir í milljónum króna eftir aldri. Samanburður miðgildi og meðaltals.....	56
Mynd 53: Hrein eign nokkurra aldurshópa 1994-2019. Fólki á vinnualdri	57
Mynd 54: Hrein eign nokkurra aldurshópa 1994-2019. Fólki á ellilífeyrisaldri.....	58
Mynd 55: Árlegur sparnaður eftir aldri	59
Mynd 56: Meðalskuldir sem hlutfall af meðaleignum eftir aldri	60
Mynd 57: Eigið fé eftir aldri	60
Mynd 58: Hlutfall peningalegrar eignar af heildareignum einstaklinga eftir aldri.....	61
Mynd 59: Heildareignir eftir æviskeiði að lífeyrissparnaði meðtöldum	62
Mynd 60: Lífeyrir karla frá Birtu eftir aldri og tekjufjórðungum	63
Mynd 61: Lífeyrir karla frá Birtu að viðbættum lífeyri frá TR eftir aldri og tekjufjórðungum	64
Mynd 62: Lífeyrir kvenna frá Birtu eftir aldri og tekjufjórðungum	65
Tafla 4: Lífeyrir sjóðfélaga Birtu m.v. réttindi í árslok 2019	65
Mynd 63: Lífeyrir kvenna úr Birtu lífeyrissj. að viðbættum lífeyri frá TR eftir aldri og tekjufjórðungum.....	66
Tafla 5: Heildarlífeyrir sjóðfélaga Birtu með greiðslum frá TR m.v. réttindi í árslok 2019	66
Tafla 6: Heildarráðstöfunartekjur sjóðfélaga Birtu með greiðslum frá TR eftir skatta m.v. réttindi í árslok 2019	66
Tafla 7: Heildarlífeyrir sjóðfélaga Birtu með greiðslum frá TR og heimilisuppbót eftir skatta m.v. réttindi í árslok 2019	67
Mynd 64: Ráðstöfunartekjur frá TR með heimilisuppbót 2015—2019 sem hlutfall af miðgildi ráðstöfunartekna	67
Mynd 65: Stærð lífeyrissjóða sem hlutfall af VLF 1997-2020	68
Mynd 66: Heildareignir lífeyrissjóða sem hlutfall af vergri landsframleiðslu	69
Mynd 67: Spá um stærð lífeyrissjóða 2021-2070 (stærð 2021 = 100)	69
Mynd 68: Afkoma lífeyrissjóða án tillits til fjármunatekna	70
Mynd 69: Skattgreiðslur aldraðra og hlutfall þeirra af mannfjöldanum 1993-2019.....	71
Mynd 70: Spá um hlutfall eftirlauna af launum landsmanna 2021-2070.....	72

Inngangur

Fyrri hluta nóvember 2020 barst Talnakönnun erindi frá Ólafi Sigurðssyni, framkvæmdastjóra Birtu, þar sem hann ræddi möguleika á því að Talnakönnun gerði greiningu fyrir Birtu lífeyrissjóð samkvæmt tilteknum forsendum. Í tölvupósti frá Ólafi þann 11. nóvember komu fram hugmyndir um meginatriði greiningarinnar. Í framhaldi af því hittust starfsmenn Talnakönnunar og Birtu á fundi og fóru yfir verkefnið. Eftir frekara samráð var sett upp verklýsing.

Markmiðið með greiningunni er úttekt á tryggingarvernd sjóðfélaga í víðara samhengi en gert er í tryggingafræðilegri úttekt. Hér skal sérstaklega hugað að nægjanleika lífeyris, samspili við almannatryggingakerfið og áhrif þess að hluta séreignar (eða tilgreindrar séreignar) verði varið til húsnæðiskaupa eða annars.

Sérstaklega er hugað að áhrifum breytinga á grunnforsendum, svo sem ávöxtun til lengri tíma og lífslíkum. Jafnframt yrði væntur lífeyrir kannaður fyrir mismunandi aldurs- og tekjuhópa. Miðað yrði við réttindatöflu Birtu og miðað við stöðu sjóðsins í árslok 2019 um iðgjöld og áunnin réttindi, en horft fram á við til aldamóta ársins 2070.

Við útreikninga á tekjum á lífeyrisaldri skyldi horfa á grunnlífeyri m.v. 12% iðgjald, 3,5% tilgreinda séreign, 15,5% grunnlífeyri, séreignasparnað umfram skylduiðgjald og lífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins.

Strax í byrjun var ákveðið að horfa einnig á lífeyriskerfið í heild og samspil þess við almannatryggingar og skattkerfið. Sérstaklega yrði skoðað hvaða áhrif samspil mismunandi stöða lífeyriskerfisins hefur á „meðalsjóðfélaga“, en ekki síður þá sem minni eða meiri tekjur hafa. Samspilið við TR og að óskir um að ráðstafa séreign inn á lán og húsnæði vegna fyrstu kaupa skoðaðar út frá meginmarkmiði sjóðsins að tryggja viðunandi lífeyri.

Á vinnslutíma hefur verið haft náið samráð við lífeyrissjóðinn með fundum, glærukynningum og áfangaskýrslum og margar ábendingar komið þar fram. Ljóst er að verkefnið er síður en svo tæmt, jafnvel þótt skýrslan sé býsna ítarleg. Margar áhugaverðar niðurstöður koma í ljós, sumar staðfesta það sem við mátti búast, en aðrar koma á óvart. Ábendingar um það sem betur mætti fara eða skoða betur væri gott að fá til undirritaðs á pósthfangið benedikt@talnakonnun.is.

Haustið 2021 var ákveðið að fara aftur yfir skýrsluna í ljósi ábendinga sem fram hafa komið síðan hún var birt í júní, bæði varðandi útlit og efni. Meðal annars var kaflanum um stöðu íslenska lífeyriskerfisins í alþjóðlegum samanburði breytt í ljósi niðurstaðna Mercer skýrslunnar sem birt var í október 2021.

Af hálfu Talnakönnunar stýrði Benedikt Jóhannesson verkinu, en Jón Benediktsson vann ákveðna hluta skýrslunnar og Arnór Ingi Finnbjörnsson lagði til útreikninga. Sigurður Guðmundsson skipulagsfræðingur las skýrsluna í handriti og benti á margt sem mátti betur fara. Skýrslan er á ábyrgð Talnakönnunar.

Reykjavík, 19. nóvember 2021



Helstu niðurstöður

Meginverkefni skýrslunnar er að fjalla um framtíð lífeyriskerfisins. Sett var upp líkan sem byggir á gögnum frá undanförunum áratugum. Líkan af þessu tagi segir aldrei nákvæmlega til um þróun á einstökum árum. Sveiflur í fortíðinni hafa haft mikil áhrif til skamms tíma og oft er erfitt að segja til um hvort áhrif verða varanleg. Nýleg dæmi á Íslandi eru hrunið og kórónuveiran. Enginn á von á því að framtíðin muni nákvæmlega fylgja stærðfræðilegum ferlum. Þeir gefa aftur á móti vísbendingar um langtímaleitni, að því gefnu að forsendur standist. Gerð er ítarleg grein fyrir forsendum í skýrslunni og horft áratugi aftur í tímann og hálfa öld fram á við.

Meðal þess sem fram kemur í skýrslunni er eftirfarandi:

- Íslenska lífeyriskerfið er í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði
- Ávinnsla réttinda úr lífeyrissjóðum hefur aukist á undanförunum áratugum og sú þróun heldur áfram
- Vegna betri heilsu og lengri ævi eru nú jafnmörg ár ólífud við 74 ára aldur og við 70 ára aldur fyrir hálfrí öld. Eftir hálfa öld eru líkur á að 78 ára einstaklingar eigi jafnmörg ár ólífud og þeir sem voru 70 ára áttu árið 1970
- Ellilífeyrisréttindi úr lífeyrissjóðum, ein og sér, hafa almennt ekki náð viðmiðum um nægjanlegan lífeyri en í flestum tilvikum nást þau þegar almannatryggingalífeyri er bætt við
- Kaupmáttur ellilífeyris mun aukast mikið. Gangi almennar forsendur um vaxandi kaupmátt eftir verður ellilífeyrir margra betri eftir 50 ár en laun á vinnumarkaði eru nú
- Ef allir fengju fullan lífeyri frá almannatryggingum væru útgjöld ríkisins vegna þess um 80 milljörðum króna meiri en nú er og um 100 milljarðar ef allir fengju fulla heimilisuppbót
- Eignastaða ellilífeyrisþega hefur stórbatnað á undanförunum árum
- Lífeyrisréttindi þeirra sem nú eru að koma á vinnumarkað munu verða milli 70 og 100% af meðallaunum þegar lífeyrir almannatrygginga er meðtalinn
- Kostnaður ríkisins vegna ellilífeyris almannatrygginga mun minnka mikið jafnframt því sem greiðslur úr lífeyrissjóðum aukast
- Hluttur ellilífeyrisþega í skattgreiðslum verður fljótlega sá sami og hlutfall þeirra af fólksfjölda og hærri þegar líður á öldina
- Tekjur kvenna hafa að undanförunu vaxið mun meira en tekjur karla
- Tekjur yngra fólks hafa vaxið hægar en tekjur þeirra eldri
- Öryrkjum mun fjölga hlutfallslega tímabundið vegna breyttrar aldurssamsetningar þjóðarinnar
- Lífeyrissjóðirnir munu halda áfram að vaxa fram yfir miðja þessa öld

Helstu þættir lífeyriskerfa

Lífeyriskerfi gegnir grundvallarhlutverki í nútíma samfélagi. Með lífeyriskerfi leitast þjóðfélög við að tryggja félagslegt öryggi þegnanna. Í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna segir í 22. grein:

„Allir þjóðfélagsþegnar skulu, fyrir atbeina hins opinbera eða á grundvelli alþjóðasamstarfs og í samræmi við skipulag og bjargráð hvers ríkis, eiga rétt á félagslegu öryggi og þeim efnahagslegu, félagslegu og menningarlegu réttindum sem eru nauðsynleg til þess að virðing þeirra og þroski fái notið sín.“

Gáleysisleg umræða um þetta mikilvæga mál getur dregið úr tiltrú á því og því mikilvægt að umræða um lífeyrismál sé byggð á staðreyndum og bestu forsendum sem hægt er að gefa sér á hverjum tíma. Jafnframt skiptir meginmáli fyrir alla þá sem að umræðunni koma að hægt sé að meta hvaða áhrif það hefur ef forsendur standast ekki. Í þessari skýrslu er leitast við að draga fram helstu atriði sem ætla má að skipti máli um lífeyrismál á Íslandi, núna og næstu áratugi. Sérstaklega er horft á Birtu lífeyrissjóð og réttindi sjóðfélaga þar, en lífeyrismálin jafnframt skoðuð í stærra samhengi.

Víða um lönd er lífeyriskerfið ófullkomið og ófullnægjandi. Jafnvel í þeim löndum sem Íslendingar bera sig helst saman við eru kerfi mjög mismunandi. Sums staðar er öll áhersla á almannatryggingakerfið sem fjármagnað er með sérstökum tryggingagjöldum eða -sköttum, sem oft eru mjög háir. Þessi kerfi eru nefnd gegnumstreymiskerfi, andstætt söfnunarkerfum. Gallinn við gegnumstreymiskerfi er að þau leggjast af mjög misjöfnum þunga á kynslóðir. Lagt hefur verið mat á lífeyriskerfi margra landa í alþjóðlegri könnun. Ísland tók árið 2021 í fyrsta sinn þátt í þeirri athugun. Niðurstaðan var sú að íslenska kerfið var í fyrsta sæti miðað við þá mælikvarða sem lagðir eru til grundvallar. Það er auðvitað ánægjuleg niðurstaða, en kerfið er ekki gallalaust og mikilvægt að leitast við að horfa á það í víðu samhengi. Í það fara miklir peningar, bæði í formi iðgjalda og skatta. Því er afar mikilvægt að huga að því að það uppfylli kröfur um nægjanlegan lífeyri, en jafnframt þarf að huga að því að hann verði ekki langt umfram þarfir lífeyrisþega.

Lífeyrir er í nokkrum meginflokkum: Ellilífeyrir, örorkulífeyrir, makalífeyrir og barnalífeyrir. Í þeirri athugun sem hér er kynnt er einkum horft á ellilífeyri, en einnig er fjallað um örorku og örorkulífeyri í einum kafla.

Þjóðir hafa farið mismunandi leiðir að því marki að tryggja þegnum framfærslu á elliárum. Sumar gera það fyrst og fremst í gegnum almannatryggingar, meðan aðrar hafa skyldað þegnanna til þátttöku í söfnunarkerfi. Á Íslandi er söfnunin fyrst og fremst í gegnum lífeyrissjóði, en margir nota líka líka annars konar lífeyrissparnað, til dæmis gegnum erlend tryggingafélög eða banka, íslenska og erlenda.

Söfnun í lífeyriskerfinu myndar gríðarlega sjóði sem jafnvel eru af sömu stærðargráðu og landsframleiðsla ríkjanna. Eignir sjóðanna eru af ýmsu tagi, en verðgildi þeirra og ávöxtun ákvarðast af gengi hagkerfisins. Mikilvægt er að dreifa áhættunni og að leggja mat á það hvers konar fjárfestingar henta.

Við mat á skuldbindingum sjóðanna skiptir miklu máli hvaða forsendur eru lagðar til grundvallar um ávöxtun og lífslíkur. Sérstaklega verður farið yfir það hvaða áhrif breytingar á þessum forsendum hafa á getu til greiðslu lífeyris.


Hér á landi hefur um langt skeið verið blandað eftirlaunakerfi þar sem almannatryggingar tryggja öllum ákveðinn lágmarkslífeyri og lífeyrissjóðir greiða lífeyri sem ræðst af sparnaði hvers og eins. Þessi tvö kerfi eru mjög háð hvort öðru. Áhrif almannatryggingakerfisins eru meðal annars þau að tekjur ellilífeyrisþega hafa verið jafnari en annarra aldurshópa. Sýnt er hver þróunin hefur verið undanfarna áratugi og spáð fyrir um þróunina næstu hálfu öld.

Lífeyrissjóðakerfið mun halda áfram að vaxa sem hlutfall af landsframleiðslu næstu áratugi. Þannig mun það hafa áhrif á aðra þætti hagkerfisins, til dæmis eftirspurn eftir hlutabréfum og öðrum verðbréfum. Í þessari skýrslu kemur fram hvernig þessi þróun verður næstu áratugi undir ákveðnum forsendum.

Jafnframt er skoðað hvernig ætla má að greiðslur úr almannatryggingakerfinu verði á sama tíma að óbreyttum reglum og hver ætla má að útgjöld ríkisins verði af þeim.

Nægjanleiki lífeyris er hugsaður mælikvarði á það hvort tekjur á ellilífeyrisaldri, að lífeyri meðtöldum, standi undir þörfum lífeyrisþega. Oft er miðað við ákveðið hlutfall af lokalaunum eða meðallaunum lífeyrisþegans, en einnig er horft til annarra þátta eins og lágmarks framfærslukostnaðar eða fátæktarmarkna. Í þessari skýrslu er skoðað hvernig ætla má að tekjur aldraðra verði fyrir ýmsa tekju- og aldurshópa.

Mynd 1: Lífeyriskerfið í samfélaginu



Heimild: Talmakönnun.

Mynd 1 gefur hugmynd um samspil þátta í lífeyriskerfinu og stöðu þess í hagkerfinu. Vikið verður að flestum þeim þáttum sem þarna koma fram í skýrslunni.

Áhættuþættir í lífeyriskerfinu

Hluti af forsendum þegar lítið er á þjóðfélagið allt er þróun mannfjölda. Á Íslandi hefur langlífi aukist og sú þróun heldur áfram. Nánast má segja að sérhver árgangur geti vænst þess að lifa lengur að meðaltali en allir þeir sem á undan hafa komið. Þeir árgangar, sem farið hafa á eftirlaun undanfarin ár og þau næstu, eru líka mun fjölmennari en þeir sem komu á undan. Á sama tíma hefur barnsfæðingum fækkað, það er frjósemi hefur minnkað. Nú er miklu stærra hluti landsmanna aðfluttur en áður var. Allar þessar breytingar hafa áhrif á lýðfræði þjóðarinnar og þar með lífeyriskerfið. Skoðuð eru líkleg áhrif þessarar þróunar og hver niðurstaða yrði af mismunandi forsendum.

Reglur og eftirlit skipa víðast stóran sess þegar meta skal öryggi og áhættu sjóðfélaga. Lögð er mikil áhersla á að stjórnendur sjóðanna hagi ákvörðunum sínum eingöngu með hagsmuni sjóðfélaga í huga, en mörg dæmi eru um að aðrir þrýsti á um einstakar fjárfestingar eða fjárfestingastefnu. Ekki má víkja frá grunnsjónarmiðum um öryggi og áhættudreifingu.

Réttindi eru miðuð við þá forsendu að 3,5% raunávöxtun náist til lengri tíma lítið. Mikill misskilningur er í gangi um að hér sé um ávöxtunarkröfu að ræða, en svo er alls ekki heldur virðist reynslan sýna að þessi tala sé raunsæ. Að þessu er vikið nánar í kaflanum um ávöxtun. Nú eru vextir á skuldabréfum lágir, en ávöxtun hlutabréfa hefur verið ágæt þannig að þessi ávöxtun hefur náðst, en þetta er auðvitað stór áhættuþáttur. Í hruninu tapaðist umtalsverður hluti eigna lífeyrissjóðanna, ekki síst vegna þess að þeir veðjuðu of stórum hluta eigna á ákveðna áhættufjárfesta. Eftirlit og reglur voru heldur ekki sem skyldi, hvorki á Íslandi né annars staðar, en úr því hefur verið bætt.

Kórónuveirufaraldurinn sýnir að samdráttur í hagkerfinu getur orðið af ýmsum ástæðum. Hingað til hefur hann ekki bitnað á ávöxtun lífeyrissjóðanna, en hver veit hvað gerist í næstu kreppu? Hlýnun jarðar mun örugglega hafa mikil áhrif á hagkerfið og sumir spá því að hún muni valda samdrætti á næstu áratugum.

Leyfð hefur verið ráðstöfun séreignarsparnaðar til greiðslu á húsnæðislánum. Slík ráðstöfun hefur áhrif á fjárhagsstöðu einstaklinga og kerfið í heild, en áhrifin felast þó aðallega í tilfærslu eigna.

Birta lífeyrissjóður - stutt yfirlit

Birta lífeyrissjóður tók til starfa 1. desember 2016 og varð til við samruna Sameinaða lífeyrissjóðsins og Stafa lífeyrissjóðs.

Birta er fjórði stærsti lífeyrissjóður landsmanna. Í árslok 2020 voru virkir sjóðfélagar 16.014 og hrein eign til greiðslu lífeyris 491 milljarður króna. Um 15% virkra sjóðfélaga er konur. Árið 2019 voru iðgjöld til sjóðsins 18,7 milljarðar króna og lífeyrisgreiðslur 13,7 milljarðar króna.

Um áramót 2020-21 áttu 98.745 einstaklingar réttindi í samtryggingardeild. Á árinu 2020 greiddu 18.205 einstaklingar iðgjald til samtryggingardeildar og 5.703 launagreiðendur.

Til þess að eignir standi undir skuldbindingum þarf hrein raunávöxtun til lengri tíma að vera hærri en 3,5%. Árangur af fjárfestingarstarfsemi Birtu er birtur í ársreikningi sem hrein raunávöxtun síðasta árs og sem meðaltal hreinnar raunávöxtunar fyrir 5 og 10 ár. Meðalraunávöxtun samtryggingardeildar síðustu 5 ára er 5,01% og síðustu 10 ára 5,53% m.v. árslok 2020.


Tryggingafræðileg úttekt miðað við árslok 2020 sýnir að heildarskuldbindingar sjóðsins voru 0,41% umfram heildareignir, en voru 1,81% umfram heildareignir í árslok 2019.

Erlendar eignir voru tæplega 34,4% sem hlutfall af heildareignum í árslok 2020, en voru 32% í árslok 2019.

Íslenska lífeyriskerfið í alþjóðlegu samhengi

Frá árinu 2009 hefur verið tekin saman Melbourne Mercer heimslífeyrisvísitalan, en á árinu 2021 var Ísland í fyrsta sinn með í vísitölunni ásamt 42 öðrum löndum. Hvert kerfi í vísitölunni er skoðað út frá 50 þáttum, en einn tilgangur hennar er að lýsa göllum hvers kerfis og mögulegum bótum á þeim. Þetta getur bætt lífeyrisgreiðslur, aukið sjálfbærni kerfisins til langs tíma og aukið traust á lífeyrissjóðum. Með þessi markmið í huga er vísitalan sett saman svona:

Mynd 2: Heimslífeyrisvísitalan



Heimild: Melbourne Mercer.

Yfirvísitalan er vegið meðaltal þriggja undir-vísitalna. Þar fær *Nægjanleika*-vísitalan 40%, *Sjálfbærni*-vísitalan 35% og *Heilinda*-vísitalan 25%, en hlutföll undir-vísitalna hafa haldist óbreytt frá 2009. Höfundar vísitölunnar meta *Nægjanleika*-vísitöluna mikilvægasta, en hún heldur utan um núverandi lífeyri sem er greiddur ásamt hönnun lífeyriskerfis. *Sjálfbærni*-vísitalan lítur til framtíðar og metur hversu líklegt er að kerfið geti haldið áfram að greiða lífeyri. *Heilinda*-vísitalan inniheldur þætti sem snúa að hinu opinbera og metur hversu mikið traust fólk ber til kerfisins.

Vísitala þessara 43 kerfa (65% jarðarbúa) sýnir að lífeyriskerfi heimsins eru mjög missterk. Lægsta einkunn fær Taíland með 40,6 og Ísland er hæst með 84,2. Á Töflu 1 sést flokkun landanna.

Tafla 1: Einkunnir lífeyriskerfa 2020

Einkunn	Gildi vísitölu	Kerfi	Lýsing
A	>80	Ísland Holland Danmörk	Kerfi sem greiða háan lífeyri, eru sjálfbæri og hafa mikil heilindi.
B+	75-80	Ísrael Noregur Ástralía	Kerfi með góðan grunn, en geta bætt sig á sviðum sem aðgreina þau frá kerfum með einkunnina A.
B	65-75	Finnland Svíþjóð Bretland Síngapor Nýja Sjáland Kanada Síle Írland Sviss Þýskaland	
C+	60-65	Belgía Hong Kong Bandaríkin Úrúgvæ Frakkland	Kerfi sem eru að hluta til góð en einnig mikla áhættu og/eða galla sem væri hægt að bæta. Án þess að bæta þessa galla er hægt að setja spurningamerki við virkni og/eða sjálfbærni þess til framtíðar.
C	50-60	Perú Kolombía Pólland Sádi Arabía Brasilía Spánn Austurríki Suður Afríka Ítalía Indónesía Kína Taívan Sameinuðu Arabísku Furstadæmin Malasía	
D	35-50	Kórea Japan Indland Mexíkó Filippseyja Tyrkland Argentína Taíland	Kerfi með einhverja kosti, en einnig mikla galla. Án þess að bæta þessa galla gæti virkni og/eða sjálfbærni þess til langs tíma verið í vafa.
E	<35	Ekkert	Lélegt kerfi sem er annað hvort í frumstigum þróunar eða ekki til staðar.

Heimild: Melbourne Mercer.

Í skýrslunni um vísitöluna fyrir árið 2019 voru taldar upp almennar úrbætur sem flest kerfi í heiminum geta tekið upp:

- Seinka lífeyristökualdri með hækkandi lífslíkum.
- Hvetja til meiri atvinnuþátttöku þeirra sem eldri eru.
- Hvetja eða skylda fólk til frekari sparnaðar, bæði innan og utan lífeyrissjóðakerfa.
- Gefa sjálfstætt starfandi frekari aðgang að lífeyrissjóðum.
- Tryggja að lífeyrir sé tekinn á lífeyristökualdri.
- Skoða vísitölur almannatryggingakerfisins.
- Auka gegnsæi í lífeyrissjóðum.


Sumar af þessum úrbótum hafa Íslendingar þegar tekið upp, en það sést af þessum lista að vandamál íslenska kerfisins eru svipuð þeim sem hrjá lífeyriskerfi víða um heim.

Ísland fær einkunnina A í öllum undir-vísitölum, en höfundar vísitölunnar stinga þó upp á nokkrum úrbótum sérstaklega fyrir íslenska kerfið:

- Lækka skuldir heimilanna sem hlutfall af VLF.
- Seinka lífeyristökualdri með hækkandi lífslíkum.
- Lækka skuldir hins opinbera sem hlutfall af VLF.

Í umfjöllun um vísitöluna árið 2019 var ítarleg umfjöllun um skuldir sem hlutfall af VLF, en á Mynd 3 má sjá eignir lífeyrissjóða sem hlutfall af vergri landsframleiðslu á móti nettó skuldum heimilanna sem hlutfall af vergri landsframleiðslu hjá Íslandi og þeim löndum sem vísitalan nær yfir.

Mynd 3: Eignir lífeyrissjóða og skuldir heimila í mörgum löndum



Heimild: Melbourne Mercer, Hagstofa Íslands, Seðlabankinn.


Af Mynd 3 má lesa að skuldastaða heimilanna (82% af VLF) er betri á Íslandi en næstu tveimur löndum, Hollandi og Danmörku, en á móti var eignastaða lífeyrissjóða sterkari í þessum tveimur

löndum. Það heyrir oft í umræðunni á Íslandi að íslenska lífeyriskerfið sé of stórt miðað við hagkerfið, en eins og sést af myndinni eru þrjú lönd með hlutfallslega stærri kerfi og þar af eru tvö hæstu löndin í vísitölunni á eftir Íslandi.

Á heildina á titið er niðurstaðan góð fyrir Ísland en jafnframt eru punktar í umfjölluninni sem sýna hvernig bæta má kerfið. Það er þó vert að taka fram að þær úrbætur sem fjallað er um snúa að hinu opinbera.

Eurostat hefur metið fjármagnaðar og ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar eftir löndum árið 2019. Á Mynd 4 má sjá hvernig staðan er í hinum ýmsu löndum. Myndin sýnir að í flestum löndum nema fjármagnaðar skuldbindingar minna en 100% af vergri landsframleiðslu. Aðeins Sviss, Ísland og Holland eru yfir 100%.

Mynd 4: Staða Evrópulanda í fjármögnun lífeyrisskuldbindinga árið 2018




Heimild: Eurostat, útreikningar Talnakönnunar.

Myndin sýnir líka að ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar eru aðeins undir 100% af VLF á Íslandi og í Danmörku. Í mörgum löndum eru þær langt yfir 200% og yfir 400% af VLF í Lúxemborg, Austurríki og Frakklandi (sést ekki á myndinni). Í þessum samanburði kemur íslenska lífeyriskerfið mjög vel út.

Almennt er það svo að lífeyrisskuldbindingarnar eru þeim mun meiri sem meðalaldur þjóðarinnar er hærri. Á Mynd 5 má sjá samanburð á ófjármögnum lífeyrisskuldbindingum (vinstri y-ás) Evrópuþjóða og miðgildi aldurs þeirra (hægri y-ás). Ísland er með lægsta miðgildi aldurs miðað við árið 2018. Gildið hefur þó hækkað mjög frá árinu 1990 í öllum löndum, meðal annars Íslandi (sjá hægri ás).

Mynd 5: Ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar í Evrópulöndum og miðgildi aldurs




Heimild: Eurostat, útreikningar Talnakönnunar.

Ísland sker sig úr að tvennu leyti, við erum með lægstu¹ ófjármögnuðu skuldbindingarnar og við erum yngst samanburðarþjóðanna. Þetta tvennt vinnur saman, núvirðing lífeyrisskuldbindinga lækkar heildarlífeyrisskuldbindingu eftir því sem þjóðin er yngri. Raunvaxtaþrósentu til núvirðingar hefur einnig áhrif á matið, í þessum samanburði er miðað við 3% samkvæmt samræmdri aðferðafræði, en svo dæmi sé tekið leiðir 1% lækkun vaxtastigsins til hækkunar skuldbindingar um 20%. Væri miðað við 3,5% eins og við úttekt á íslenskum lífeyrissjóðum myndi skuldbindingin lækka um nálægt 10%. Ljóst er að miðgildi aldurs fer hækkandi, en afleiðingar þess má sjá betur á Mynd 6.

Á Mynd 6 eru ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar þjóðanna (hægri y-ás í þetta skipti) bornar saman við hlutfall íbúa eldri en 65 ára árið 2019 og spá um hvert það hlutfall verður í framtíðinni fyrir þessar þjóðir (vinstri y-ás).

¹ Danmörk er með ólíkt kerfi miðað við önnur lönd Evrópusambandsins þar sem launagreiðendur og launþegar greiða óveruleg iðgjöld til kerfisins, grunnlífeyrir og tekjutengdur lágmarkslífeyrir eru að stórum hluta fjármagnaðar með almennum tekjum ríkissjóðs.

Mynd 6: Ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar í Evrópulöndum og hlutfall 65 ára og eldri




Heimild: Eurostat.

Á Íslandi var hlutfall 65 ára og eldri 21% árið 2019 og verður 35% og 49% árin 2050 og 2100 samkvæmt spá Eurostat. Ómögulegt er að spá fyrir um hver lífeyristökaldurinn verður árið 2100, en þessar tölur sýna að landsmenn lifa ekki einungis lengur heldur mun samsetning þjóðfélagsins breytast með árunum.

Á Mynd 7 hér á eftir má sjá hvernig hlutfall 65 ára og eldri af fólki 15 til 64 ára mun breytast á Íslandi næstu hálfu öld, miðað við spá Talmakönnunar. Hlutfallið hefur hækkað úr 17-18% í tæplega 22% nú, en á næstu áratugum má búast við að það hækki á ári hverju og verði komið í liðlega 40% árið 2070. Þetta veldur auðvitað mun meiri lífeyrisgreiðslum, en til þess verður safnað. Auk þess leggur þetta kostnað á samfélagið vegna umönnunar og hjúkrunar aldraðra.

Mynd 7: Hlutfall 65 ára og eldri af fólki á vinnualdri



Heimild: Útreikningar Talnakönnunar.

Samkvæmt mannföldaspá Talnakönnunar verður þetta hlutfall heldur lægra en spá Eurostat, eða 32,5% árið 2050. Þróunina má sjá á Mynd 7. Rétt er að benda á að hlutfallið er mjög háð fólksflutningum til landsins og frá því. Aftur verður vikið að þessu í kaflanum um iðgjöld til lífeyrissjóða.

Forsendur

Hér á eftir verður fjallað um helstu forsendur sem gert er ráð fyrir í spálíkaninu sem notað er í skýrslunni.


Lífslíkur

Fyrir almenning er það auðvitað jákvætt að heilsa hefur batnað og læknávisindin hafa náð miklum árangri í baráttu við fjölmarga sjúkdóma. Einn af fylgifyrirkæmum þessa árangurs er að meðalævin hefur lengst mikið, en það er einmitt einn helsti vandi við fjármögnun eftirlaunakerfa. Með ýmsum hætti hefur verið brugðist við lengri lífaldri, til dæmis hækkun iðgjalda (eða skatta í kerfum sem byggja á gegnumstreymi).

Á Íslandi hefur þróunin verið svipuð og í öðrum löndum, að því leyti að væntur lífaldur hefur hækkað með hverjum nýjum árgangi. Ef litið er á fimm ára tímabil frá 1971 (sem er fæðingarár almenna lífeyriskerfisins á Íslandi) kemur í ljós að þá var hægt að vænta þess að meybarn lifði í 77½ ár, en sveinbarn í tæplega 72 ár. Um þessar mundir eru tölurnar 84 ár fyrir konur og um 81 ár fyrir karla. Hér hafa því orðið miklar breytingar á hálfri öld.

Þessa þróun með spá fyrir næstu 50 ár má sjá á Mynd 8 hér á eftir.

Mynd 8: Ólifud ár við fæðingu 1971-2070 (spá 2021-270)



Heimild: Hagstofa Íslands, líftölur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga og útreikningar Talnakönnunar.

Myndin gefur til kynna að nokkuð hægi á þróuninni á næstunni (ferlarnir rísa ekki jafnskarpt), en skýringin er sú að lífslíkur fólks fyrir eftirlaunaaldur hafa þegar vaxið svo mikið, að ekki er rúm fyrir mikla bætingu á þeim árum.


Lífeyrissjóðir og eftirlaun almannatrygginga byggja aftur á móti á því að vinnandi fólk taki lífeyri á aldrinum frá 67 til 70 ára með ákveðnum sveigjanleika. Þess vegna skiptir það miklu um að kerfið geti staðið undir skuldbindingum að vitað sé hve langan tíma fólk er á lífeyri.

Á tímabilinu 1971-75 voru ólifuð ár við 67 ára aldur 14 hjá körlum en liðlega 16 hjá konum. Núna hefur þetta tímabil lengst um 3,8 ár hjá körlum og 3½ ár hjá konum. Þetta er lenging um 27% hjá körlum og 22% hjá konum.

Spálíkan Talnakönnunar gerir ráð fyrir því að árið 2070 geti 67 ára karlar að jafnaði átt ólifuð tæplega 21 ár en jafngamlar konur rúmlega 22 ár eftir. Þetta er um 16% lengri lífeyrisaldur hjá körlum frá því sem nú er og rúmlega 12% lengri hjá konum. Þetta þarf að hafa í huga þegar metin eru lífeyrisréttindi miðað við núverandi réttindatöflur. Fyrirsjáanlegt er að þau munu í einhverjum tilvikum minnka frá því sem nú er.

Mynd 9 hér á eftir sýnir ólifuð ár við 67 ára aldur í heila öld.

Mynd 9: Ólifuð ár við 67 ára aldur 1971-2070 (spá frá 2021)




Heimild: Hagstofa Íslands, líftöflur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga og útreikningar Talnakönnunar.

Á tímabilinu 1971-75 voru ólifuð ár við 70 ára aldur tæplega 12 hjá körlum en 14 hjá konum. Núna hefur þetta tímabil lengst um 3½ ár hjá körlum og 3 ár hjá konum. Þetta er lenging um tæplega 29% hjá körlum og 21% hjá konum.

Spálíkanið fyrir árið 2070 gerir ráð fyrir því að 70 ára karlar geti að jafnaði átt ólifuð rúmlega 18,3 ár og jafngamlar konur muni þá eiga rétt tæplega 20 eftir. Þetta er tæplega 20% lengri lífeyrisaldur hjá körlum frá því sem nú er og tæplega 16% lengri hjá konum. Tölurnar sýna að munurinn milli vænts lífaldurs karla og kvenna minnkar stöðugt.

Þegar lífeyriskerfinu var komið á var algengt að miðað væri við 70 ára eftirlaunaaldur. Skoðum svo í lokin hvernig sá aldur hefði breyst, ef alltaf hefði verið miðað við að fólk ætti jafnmörg ár á eftirlaunaaldri. Þróunin sést á Mynd 10.

Mynd 10: Ellilífeyrisaldur miðað við að ólífud ári við töku ellilífeyris séu þau sömu og 1971



Heimild: Útreikningar Talmáttáskráarinnar (spá frá 2021).

Myndin gefur til kynna að ellilífeyrisaldur hefði hækkað úr 70 árum í 74 fyrir karla og 73 ár fyrir konur. Á næstu hálfu öld myndi aldurinn, reiknaður með þessum hætti, hækka í 77 ár hjá körlum og 76 ár fyrir konur.

Breytilegur ellilífeyrisaldur af þessu tagi er í sumum löndum OECD² þar sem réttindi breytast ár frá ári eftir því sem væntingar um lífaldur aukast. Þess ber líka að geta, að vegna þess að lífslíkur hafa líka aukist á vinnualdri ná fleiri ellilífeyrisaldri en áður. Færri deyja fyrir sjötugt af völdum sjúkdóma eða slysa en áður var. Þetta eykur lífeyrisskuldbindingar líka, þannig að aldursmarkið eitt og sér segir ekki alla sögu.

² PENSIONS AT A GLANCE 2017: OECD AND G20 INDICATORS © OECD 2017

Ávöxtun lífeyrissjóða

Réttindi sjóðfélaga í lífeyrissjóðum ráðast að miklu leyti af því hvernig til tekst við að ávaxta eignir sjóðanna. Í flestum lífeyrissjóðum eru réttindatöflur sem miða við ákveðnar forsendur um lífslíkur og raunávöxtun. Ekki er þó hægt að líta á réttindin sem „loforð“ því að í raun er það verðmæti eigna sjóðanna sem ákvarðar hve mikinn lífeyri er hægt að greiða. Því geta réttindatöflur breyst eftir því hvernig til tekst á mörkuðum. Það hefur oft gerst hér á landi.

Þegar réttindatöflur eru reiknaðar hefur verið miðað við raunávöxtun 3,5% hér á landi, að minnsta kosti í rúman aldarfjórðung. Þegar sú prósentu var valin af Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga var litið til raunávöxtunar á blönduðu safni yfir meira en 100 ára tímabil þar sem bæði voru tvær heimstýrjaldir og heimskreppa. Auðvitað er útilokað að segja til um hvort sú ávöxtun er raunsæ til framtíðar en reynslan hér á landi er sú að langtímaávöxtun lífeyrissjóðanna hefur verið nærri þeirri tölu frá 1993.

Svissneski bankinn Credit Suisse hefur í samstarfi við London Business School gefið út árbók³ með upplýsingum um langtímaávöxtun, verðbólgu og gengisþróun í 23 löndum á árunum 1900 til 2020 eða í 121 ár. Löndin ná yfir 85% af fjármálamörkuðum í heiminum og því er árbókin áhugaverð heimild fyrir fjárfesta. Í henni eru upplýsingar um nafnávöxtun, raunávöxtun og staðalfrávik hlutabréfa, ríkisskuldabréfa og ríkisvixla. Auk upplýsinga um ávöxtun í 23 löndum eru upplýsingar um heimsávöxtun þar sem ávöxtunartölur í löndunum eru vegnar saman eftir markaðsvirði verðbréfa reiknað í Bandaríkjadöllum. Vegin vísitala í löndunum 23 sýnir að raunávöxtun hlutabréfa í 121 ár var að meðaltali 5,4% og ríkisskuldabréfa 2,0%. Sjóður sem hefði 50% af hvorri tegund verðbréfa hefði náð 3,7% raunávöxtun.

Á liðnum tveimur áratugum (2001-2020) var raunávöxtun hlutabréfa að meðaltali 4,7% og ríkisskuldabréfa 5,1% samkvæmt árbókinni.


Rétt er að skýra það, að þegar ávöxtunarprósenta er hærri, eykst geta til greiðslu lífeyris og sjóðfélagar fá meira í sinn hlut, en ef hún er lægri verður lífeyririnn minni. Það sama gildir um viðmiðunarprósenta. Eftir því sem hún lækkar þá lækka stuðlar í réttindatöflum og sjóðfélagar fá minna í sinn hlut.

Sköðum fyrst árlega raunávöxtun lífeyrissjóðanna frá því að þátttaka í lífeyrissjóðum varð almenn á Íslandi árið 1971 (Mynd 11). Fyrsta áratuginn var hún neikvæð vegna þess að verðbólga var mikil og rekstrarkostnaður sjóðanna hlutfallslega hár. Með tilkomu verðtryggingar batnaði hagur sjóðanna og flest ár frá 1984 hefur hún verið jákvæð. Undantekningar eru árin 2000-2002 og hrunárið 2008.⁴

³ Credit Suisse Global Investment Returns Yearbook 2021, Summary Edition.

⁴ Heimild: Gylfi Magnússon, Söguleg ávöxtun íslenskra lífeyrissjóða. Þjóðarspeggillinn - Rannsóknir í félagsvísindum XIV. Ritsstjóri Ingjaldr Hannibalsson. Félagsvísindastofnun, Reykjavík 2013. Frá 2014 ll.is, ávöxtun samtryggingar lífeyrissjóða og <https://www.lifeyrismal.is/is/landssamtok-lifeyrissjoda/grof/3-avoxturn-og-kostnadur>.


Mynd 11: Árleg raunávöxtun lífeyrissjóða 1971-2020



Heimild: Gylfi Magnússon og ll.is.

Til þess að fá betri hugmynd um ávöxtun til lengri tíma er rétt að skoða fimm, tíu og fimmtán ára raunávöxtun lífeyrissjóðanna. Á Mynd 12 sjáum við fimm ára meðaltöl á sama tímabili. Fram til ársins 2008 var fimm ára ávöxtun yfir 3,5% viðmiðinu nánast allan tímann. Það sama gildir eftir 2013, en þá gætir afleitrar afkomu árið 2008 ekki lengur, en það eina ár var raunávöxtun -23%. Þó má ekki horfa á það eitt og sér því að árin á undan var ávöxtunin mjög mikil og hægt að gera því skóna að talsverð „froða“ hafi verið í sjóðunum þá, en í ljós hefur komið útbreidd markaðsmisnotkun stórra aðila á markaðinum.


Mynd 12: Fimm ára raunávöxtun lífeyrissjóða 1991-2020



Heimild: Gylfi Magnússon og ll.is.

Næst horfum við á tíu ára meðaltöl (Mynd 13). Þar sést að fram til 2007 náðu lífeyrissjóðirnir ágætum árangri, meðaltalið lækkaði svo niður í 1-3% raunávöxtun, en batnaði svo aftur árið 2018 þegar hrundi var ekki lengur ráðandi um ávöxtunina.


Mynd 13: Tíu ára raunávöxtun lífeyrissjóða 1980-2020



Heimild: Gylfi Magnússon og ll.is.

Loks skoðum við meðaltal 15 ára raunávöxtunar (Mynd 14). Þá er meðaltalið milli 3 og 4% allt frá 2008, nema árið 2014 þegar hún datt ofan í 2,7%. Vangaveltur um „réttu“ prósentu byggða á íslenskri fortíð byggja því að miklu leyti á því hversu óvenjulegt við teljum árið 2008 vera.


Mynd 14: Fimmtán ára raunávöxtun lífeyrissjóða 1991-2020



Heimild: Gylfi Magnússon og ll.is.

Skoðum loks raunávöxtun í nokkrum OECD-löndum árið 2020 á Mynd 15.

Mynd 15: Raunávöxtun lífeyrissjóða að frádregnum rekstrarkostnaði í nokkrum OECD-löndum árið 2020 (vinstri mynd) og Meðalraunávöxtun lífeyrissjóða í nokkrum OECD-löndum að frádregnum rekstrarkostnaði 2011-2020 (hægri mynd)




Heimild: Pension markets in focus. OECD nóv. 2021.

Myndirnar sýna að raunávöxtun hefur verið tiltölulega há á Íslandi undanfarin ár í alþjóðlegum samanburði. Þegar litið er á 10 ára raunávöxtun eru 10 ríki þar sem lífeyrissjóðir hafa náð 3,5% eða hærri raunávöxtun undanfarin 10 ár að meðaltali, en í býsna mörgum stórum löndum hefur sú ávöxtun ekki náðst.

Tekjudreifing eftir aldri

Áður en lengra er haldir er rétt að huga að því hvernig tekjur dreifast eftir aldri yfir alla ævina. Tölur um tekjuþróun sem notaðar eru í þessari skýrsla koma að stærstum hluta úr gagnabanka Ríkisskattstjóra sem gefur út ítarlegar upplýsingar um uppruna og dreifingu tekna frá árinu 1993. Einföld leið til þess að finna heildartekjur (að frátöldum fjármagnstekjum og nokkrum öðrum liðum) er að skoða dreifingu meðaltekjuskattstofns eftir aldri. Á Mynd 16 sést þessi dreifing eftir kyni og aldri. Í fyrsta lagi eru tekjur karla eru mun meiri en tekjur kvenna. Þetta eitt og sér segir þó ekki til um kynbundinn launamun því viðbótarupplýsingar vantar um vinnuframlag, menntun, ábyrgð og fleira. Hitt er hvernig tekjuferillinn þróast eftir aldri. Segja má að ferillinn sé tiltölulega reglulegur með hápunkti milli fertugs og fimmtugs. Hann fer svo lækkandi fyrir bæði kyn til sjötugs en helst þá tiltölulega stöðugur hjá konum, væntanlega vegna þess að tekjur frá Tryggingastofnun eru stór hluti þeirra tekna.

Mynd 16: Hlutfall tekjuskattstofns af meðaltali eftir aldri og kyni – 2019




Heimild: *rsk.is*, útreikningar Talnakönnunar.

Iðgjöld til lífeyrissjóða

Mannfjöldi á iðgjaldaaldri, þ.e. frá 20 til 67 ára, eykst nokkuð á næstu áratugum, en miklu minna en sem nemur fjölgun ellilífeyrisþega. Mun færri á vinnualdri munu standa að baki hvers ellilífeyrisþega en nú er. Hlutfall fólks á vinnualdri á móti fjölda ellilífeyrisþega fer úr rúmlega sjö í tæplega þrjá á þessum tíma. Þetta sýnir að á tímabili gerbreyttrar aldurssamsetningar hentar gegnumstreymiskerfi illa, því lífeyrisþegabyrðin þyngist mikið á skömmum tíma. Í öðrum löndum hefur þetta þegar gerst og jafnvel árið 2070 verður hlutfallið hér á landi hagstæðara en víðast annars staðar.

Á Mynd 17 sést hvernig áætlað er að skipting milli aldurshópa verði næstu hálfu öld og frá árinu 1998. Myndin sýnir að hlutfall þeirra sem eru 67 ára og eldri eykst jafnt og þétt á sama tíma og hlutfall þeirra sem eru yngri en 18 ára minnkar.

Mynd 17: Hlutfallsleg skipting aldursbópa 1998-2070




Heimild: Hagstofa Íslands, útreikningar Talnakönnunar.

Þessi þróun, sem er í sömu átt og víðast á Vesturlöndum, sést skýrar á eftirfarandi Mynd 18 þar sem sýnt er annars vegar hlutfall fólks á ellilífeyrisaldri af þeim sem eru 18 til 66 ára. Árið 1998 var þetta hlutfall um 15% og hélst þannig langleiðina til 2010, þegar eftirstríðs-árgangarnir fóru að koma á eftirlaun. Hlutfallið var komið í 18% árið 2020, en hækkar hratt á næstu áratugum, verður orðið 30% um 2060 og nálgast 40% árið 2070. Á sama tíma fækkar þeim hlutfallslega sem eru yngri en 18 ára úr um 46% árið 1998 í 32% árið 2070.

Efsti ferillinn sýnir svo þessa ferla samanlagða. Heildarhlutfallið lækka úr um 62% árið 1998 í 51-52% nú (sem er lægsti punktur samkvæmt myndinni) og hækkar svo aftur upp í um 60% árið 2030 og helst þar næstu þrjátíu ár. Hlutfallið verður komið upp í um 70% árið 2070, en þá erum við auðvitað að horfa mjög langt fram í tímann. Þetta hlutfall (stundum með aðeins öðrum aldursbilum) er kallað *framsærsluhlutfall*.

Það sem helst veldur óvissu um hlutfallið til lengri tíma litið er hvernig flutningar að og frá landinu verða næstu ár og áratugi. Þetta mynstur hefur breyst mjög síðan Ísland varð hluti af Evrópska efnahagssvæðinu, en innan þess eru frjálsir flutningar fólks milli landa.

Mynd 18: Hlutfall eldri og yngri af fólki á vinnualdri 1998-2070




Heimild: Hagstofa Íslands, útreikningar Talnakönnunar.

Það að hlutfallið hækkar, sýnir mikilvægi þess að hafa uppsöfnunarkerfi í lífeyri. Ef notað er gegnumstreymiskerfi þurfa skattar sem lagðir eru á vinnandi fólk sífellt að hækka eftir því sem hlutfallið hækkaði.

Á Mynd 19 skoðum við hvernig iðgjöld aukast og horfum jafnframt á fjölda þeirra sem greiða iðgjald til lífeyrissjóða.

Mynd 19: Vöxtur iðgjalda og fjölgun greiðenda 2021-2070




Heimild: Útreikningar Talnakönnunar.

Myndin sýnir að í raun fjölga þeim sem greiða iðgjöld sáralítið næstu hálfu öld. Þetta getur auðvitað breyst, til dæmis ef viðmiðunaraldur ellilífeyris verður hækkaður, eða stórir árgangar á vinnualdri flytja til landsins. Þó er rétt að benda á að í raun er enginn ákveðinn ellilífeyrisaldur í flestum lífeyrissjóðum og sjóðfélagar fá meiri lífeyri þeim mun eldri sem þeir fara á lífeyri.

Iðgjöldin aukast aftur á móti mikið á komandi árum og endurspeglar sú spá væntingar um að kaupmáttur aukist jafnt og þétt. Í raun gerist það líklega í þrepum og alls ekki náttúrulegum að sú þróun haldi áfram um ófyrirsjáanlega framtíð.

Þegar við horfum á ellilífeyri, þróun hans og fjölgun ellilífeyrisþega er myndin öll önnur. Fjöldi ellilífeyrisþega tvö- og hálfaldast á næstu hálfu öld, en á sama tíma tífaldast ellilífeyrir. Þetta þýðir auðvitað kjarabót fyrir ellilífeyrisþega frá því sem nú er, eins og annars staðar er rakið og jafnframt mikla stækkun lífeyriskerfisins.


Mynd 20: Fjölgun ellilífeyrisþega og aukning lífeyris 2021-2070



Heimild: Útreikningar Talnakönnunar

Til þess að átta okkur betur á breyttri samsetningu mannfjöldans er hér brugðið upp myndum af mannfjöldapýramíðum á fjórum tímupunktum.


Mynd 21: Skipting mannfjöldans árið 1998 og 2021



Heimild: Útreikningar Talnakönnunar.

Fyrst berum við saman stöðuna árið 1998 og núna árið 2021. Þá sjáum við að pýramídið hefur bæði breikkað og að neðstu tveir áratugirnir (yngsta fólkið) eru nú minni en þeir sem á undan koma. Þetta skýrist af tvennu: Minnkandi frjósemi og flutningi milli landa. Myndin árið 2021 gefur strax til kynna að ákveðið ójafnvægi sé í aldursdreifingunni.

Mynd 22: Skipting mannfjöldans árið 2041 og 2070



Heimild: Útreikningar Talnakönnunar.


Seinni myndirnar tvær sýna áfram ójafnvægi, en það virðist þó heldur vera að minnka þegar horft er til ársins 2070. Við sjáum á fyrstu myndunum tveimur sem horfa á yfirstandandi ár og árið 1998 hve hratt lögun mannfjöldapýramíðans getur breyst. Regluleg lögun gæti auðvitað líka breyst í framtíðinni af drepsóttum eða stórfelldum flutningum að eða frá Íslandi.

Launaþróun

Iðgjöld í lífeyrissjóði eru greidd sem hlutföll af launum. Því hefur launaþróun augljóslega áhrif á hver réttindin verða í lok starfsævinnar. Þar eru tveir meginþættir að verki, annars vegar að laun hækka yfirlétt framan af starfsævinni en standa svo í stað og lækka jafnvel með minna vinnuframlagi. Menntun, þekking, reynsla og ábyrgð eru metin til launa.

Launakostnaður samfélagsins sveiflast talsvert sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (VLF). Á Mynd 23 sést að á undanförunum áratugum hefur hann farið úr 38,5% af VLF í 45,4%. Þetta er sveifla sem nemur, miðað við landsframleiðslu nú, um 200 milljörðum króna. Lægst varð hlutfallið upp úr hruninu en er nú aftur nærri efri mörkum.

Mynd 23: Þróun launakostnaðar af vergri landsframleiðslu 1997-2019




Heimild: Hagstofa Íslands.

Ríkisskattstjóri gefur út viðamiklar upplýsingar um laun og aðrar tekjur eftir aldri og kyni, allt frá tíunda áratug síðustu aldar. Þessar upplýsingar gefa kost á að teikna launaferla eftir aldri og kyni. Skoðum fyrst hvernig launaþróun hefur verið eftir aldri undanfarinn aldarfjórðung og berum saman við launaferil eftir aldri hjá Birtu árið 2019.

Á Mynd 24 hér á eftir er ljósblái ferillinn launavísitala fyrir alla framteljendur árið 2019. Vísitalan er sett á 100% fyrir þá sem eru 29 ára (fæddir 1990). Ferillinn hækkar nokkuð mikið næstu 15 ár og er kominn í 160% um 44 ára aldur, helst þar í tæplega áratug og fer svo aftur lakkandi til 67 ára aldurs þegar hann er kominn í 100% aftur. Þessi lakkun endurspeglar ekki endilega minni laun heldur öllu fremur minni þátttöku á vinnumarkaði, einkum eftir sextugt.

Mynd 24: Launakúrvur eftir aldri



Heimild: Ríkisskattstjóri og Birta lífeyrissjóður. Útreikningar Talnakönnunar.

Það vekur athygli að sambærilegur ferill fyrir árið 1994 (guli) er svipaður í laginu, en rís ekki jafn hátt. Þetta kann að gefa til kynna breytingar á launauppbyggingu, en þó er líklegra að það sýni fremur breytingu á vinnumarkaðinum. Á síðustu árum hefur flutt til Íslands margt fólk sem hefur fengið vinnu í ferðaþjónustu. Mörg þessara starfa radast örugglega í lægri þrep launaskalans. Því er ekki eðlilegt að gera ráð fyrir því að þrítugur starfsmaður hækki um 60% í launum fram til 45 ára aldurs.

Launaferill eftir aldri fyrir félagi í Birtu árið 2019 (svartur ferill) er nokkuð frábrugðinn hinum tveimur að því leyti að hann rís ekki jafnhátt og ferillinn fyrir alla framteljendur, en er líka flatari frá fertugu og fram yfir sextugt. Hækkunin er um 40% fyrir þennan hóp, en hann fellur líka hægar. Skýringin felst væntanlega í því að hér eingöngu litið á sjóðfélaga sem greiddu iðgjöld á árinu 2019 og þeir sem detta út af vinnumarkaði því ekki meðtaldir. Þetta undirstrikar að fyrir fullvinnandi er ekki rétt að gera ráð fyrir raunlaunalökkun frá 45 ára aldri til sextugs heldur er lækkunin þegar horft er yfir allan vinnumarkaðinn vegna þess að það dregur úr þátttöku á vinnumarkaði. Þetta sést einnig á Mynd 25.

Launahækkunir á æviferli eru tvenns konar eins og áður er að vikið. Annars vegar launahækkun sem starfandi fólk fær með starfsaldri og hins vegar almenn kaupmáttaraukning. Það er auðvitað ekki náttúrulegt að kaupmáttur aukist almennt, en tæknibreytingar og frelsi í viðskiptum milli landa hafa stuðlað að því að lífskjör hafa batnað víða um heim.


Myndin segir þó ekki alla söguna. Ef við fylgjum hverjum árgangi um sig og skoðum þróun launa frá einu ári til hins næsta, skoðum langsnið, sést að launin hækka hjá flestum árgöngum langt fram yfir fimmtugt. Þennan þátt er auðvelt að skýra með því að menntun, þekking, reynsla og

ábyrgð eru metin til launa. Til þess að draga úr áhrifum sveiflna var skoðað hlutfall launa hvers árgangs af hæstu meðallaunum árgangsins í útreikningunum.

Því hafa tveir kraftar áhrif á laun. Annars vegar almennar launabreytingar og hins vegar aldursháðar hækkanir. Við má svo bæta þriðja kraftinum, þ.e. atvinnuþátttöku, sem er breytileg eftir aldri.

Á Mynd 25 sést munurinn á þessum breytingum. Guli ferillinn sýnir að þegar litið er á árganginn og þróun hans fylgt þá hækka laun á föstu verðlagi allt fram yfir sextugt. Lækkunin eftir það gefur fyrst og fremst til kynna minni atvinnuþátttöku, sumir fara í hlutastarf og aðrir hætta alveg að vinna. Svarti ferillinn, sem nefndur er *þversnið*, er eins og ljósmynd, tekin af öllum árgöngum samtímis, meðan sá guli, sem er *langsnið*, er eins og kvikmynd sem fylgir heilum árgöngum eftir. Þetta má líka hugsa sér þannig að þversniðið sem sýndi laun á föstu verðlagi hækkaði að jafnaði frá ári til árs.

Mynd 25: Laun á vinnumarkaði til lengri og skemmri tíma



Heimild: *rsk.is*, útreikningar Talnakönnunar. Langsnið fylgir árgöngum eftir og sýnir að laun hækka að raunvirði með aldri fram yfir sextugt. Þversnið sýnir að á ári hverju fá launþegar milli fertugs og fimmtugs hæst laun. Á lárétta ásnum er aldur, en á þeim lóðrétta blutföll af meðallaunum í þversniði og blutföll af bæsta gildi í langsniði.


Lengi var talað um að búast mætti við 1,0 til 1,5% almennri kaupmáttaraukningu á ári að meðaltali. Þetta hefur ekki gengið eftir í Bandaríkjunum undanfarnin 40 ár. Í skýrslu Congressional Research Service *Real Wage Trends, 1979 to 2018*⁵ kemur fram að laun hafa hækkað mjög misjafnt eftir þjóðfélagshópum og kyni.

Á Mynd 26 má sjá hvernig laun í Bandaríkjunum breyttust þessa fjóra áratugi. Hjá þeim sem lægst höfðu launin (10. hundraðshluti að neðan) var heildarhækkunin sáralítill, en þó líklega á bilinu 0,5 til 1,0% frá 1990. Það sama gildir ef miðgildi launa er skoðað, en þriðji hópurinn, sá

⁵ <https://fas.org/sgp/crs/misc/R45090.pdf>

sem hæst launin hefur (90. hundraðshluti að neðan) hefur náð hækkun á bilinu 1,0 til 1,5%, en þó ekki fyrir alla.

Mynd 26: Kaupmáttarbreyting í Bandaríkjunum 1979-2018




Heimild: Congressional Research Service Real Wage Trends, 1979 to 2018

Á Íslandi er hægt að skoða hvernig tekjubreytingin er eftir aldurshópum, það er skoðuð er breyting, til dæmis 25 ára eða 50 ára, á tímabilinu. Það kann að gefa villandi niðurstöðu að skoða bara upphafs- og lokaár því þau gætu verið afbrigðileg. Þess í stað voru skoðuð tíu ára tímabil, 1994-2003, 1995-2004 og svo framvegis. Svo var tekið meðaltal af breytingunni þessi fimmtán tíu ára tímabil. Niðurstöðuna má sjá á Mynd 27. Hafa ber í huga að hér eru skoðuð heildarlaun, en ekki laun á vinnustund.

Þar sést að tekjubreytingar hafa ekki verið jafnar yfir alla aldurshópa. Þær eru hækkandi eftir aldri til fimmtugs þar sem þær ná 2% á ári. Þar er þó ekki allt sem sýnist. Atvinnuþátttaka kvenna hefur aukist á tímabilinu sem endurspeglast í þessum tölum. Einnig hafa laun „kvennastétta“ líklega hækkað meira en annarra og menntun þeirra að jafnaði meiri. Mikill meirihluti háskólanemenda eru nú konur.

Mynd 27: Kaupmáttarbreyting eftir aldri á Íslandi 1994-2019 - allir



Heimild: Útreikningar Talnakönnunar út frá tölum Ríkisskattstjóra.


Raunsærrí mæling til þess að finna spágildi um hækkun er að skoða tekjubreytingar karla á tímabilinu, því að atvinnuþátttaka þeirra hefur haldist stöðug þennan tíma. Sú þróun sést á Mynd 28. Karlar undir þrítugu hafa lakari eða jafngóð laun að raunvirði, en eftir það hafa laun batnað að raunvirði og ná 1,5% hækkun að meðaltali um 45 ára aldur og það helst til 67 ára.

Aftur þarf að hafa í huga að vinnumarkaðurinn hefur breyst. Störfum í ferðaþjónustu hefur fjölgað og þau er mörg í lægri launabrepum. Lakari staða karla fyrir þrítugt kann líka að endurspeglar að þeir séu lengur í námi en áður. Með þetta í huga er notuð eftirfarandi formúla fyrir kaupmáttaraukningu í spálíkani:

$$\text{Kaupmáttaraukning} = \begin{cases} 0 & \text{fyrir þá sem eru 30 ára eða yngri} \\ -0,0020(x-23)^2 + 0,143(x-23) - 0,91 & \text{fyrir 31 árs og eldri} \end{cases}$$

þar sem x = aldur

Mynd 28: Kaupmáttarbreyting eftir aldri á Íslandi 1994-2019 - karlar




Heimild: Útreikningar Talnakönnunar út frá tölum Ríkisskattstjóra.

Niðurstöðurnar, hvort sem litið er á Ísland eða Bandaríkin, benda þó til þess að talan 1,5% raunlaunahækkun á ári til langs tíma sé hámark og að nota beri lægri tölur fyrir þá sem yngri eru.

Samspil lífeyriskerfisins og almannatrygginga

Eitt af því sem oft er talað um er hvernig þeir sem fá lífeyri úr lífeyrissjóðum fá minna úr almannatryggingum en þeir sem engin réttindi eiga. Á sama hátt minnka tekjur af atvinnu yfir 100 þúsund krónur á mánuði lífeyri frá TR, sem og fjármunatekjur. Reglur um þetta samspil eru nokkuð flóknar. Á Mynd 29 sést hvernig frítekjumörk koma inn í útreikning ellilífeyris frá TR miðað við lífeyris-, fjármagns- og atvinnutekjur, en reglurnar um örorkulífeyri eru flóknari.

Mynd 29: Lækkun á greiðslum frá TR eftir tekjum



Heimild: Tryggingastofnun ríkisins.

Greiðslur frá TR minnka um 45% af tekjum umfram frítekjumörk. Árið 2021 er almennt frítekjumark 25.000 kr. á mánuði, en frítekjumark launa er 100.000 kr. á mánuði. Heimilisuppbót lækkar um 11,9% af tekjum umfram frítekjumörk, svo Mynd 29 breytist ekki hvort sem fólk þiggur heimilisuppbót eða ekki. Undantekning á þessu er ef sótt er um hálfá töku lífeyris hjá TR, en þá eru engar tekjutengingar á greiðslum, en þessi leið er háð þó nokkrum takmörkunum.

Hvað ef allir fengju fullan lífeyri?

Um það er deilt hvort lífeyriskerfið eigi að vera fyrsta stöð, þannig að almannatryggingar séu viðbót eða greiðslur frá Tryggingastofnun eigi að vera grunnur og lífeyrir frá lífeyrissjóðum viðbót. Kerfin eru margvísleg eftir löndum eins og fyrr er að vikið og ekki auðvelt að bera þau saman nema horft sé á þau heildstætt. Þar kemur líka inn samspil við skattkerfið, en persónuafsláttur og lægri skattþrep valda því að mun minni dreifing er á ráðstöfunartekjum en brúttótekjum.

Oft er um það rætt að sanngjarnt væri að allir fengju fullan lífeyri frá Tryggingastofnun. Árið 2020 voru heildar ellilífeyrisgreiðslur frá TR um 85 milljarðar (85,1 milljarður samkvæmt ríkisreikningi að viðbættir heimilisuppbót). Ef miðað er við að allir fengju hæstu greiðslur, sem þá voru um 3,957 milljónir króna á ári fyrir þá sem búa einir og tæplega 3,178 milljónir króna á ári fyrir sambúðarfólk, yrðu greiðslur til ellilífeyris TR nærri tvöfalt hærri en nú er, eða rúmlega 162 milljarðar miðað við árið 2020.

Fengju allir hærri fjárhæðina hefðu greiðslurnar orðið 190 milljarðar árið 2020 eða rúmlega 120% hærri en raunin var. Rétt er að benda á að slíkir útreikningar eru ekki einfaldir því ekki hafa allir uppfyllt skilyrði um búsetu á Íslandi til þess að fá fullan rétt til greiðslna frá TR. Þessar fjárhæðir gefa þó til kynna þann útgjaldaauka sem Tryggingastofnun yrði fyrir ef skerðingar yrðu felldar niður að fullu. Hluti myndi auðvitað skila sér til baka í auknum skatttekjum ríkisins. Að skatttekjum af lífeyri verður vikið síðar í skýrslunni.


Eftir því sem réttindi í lífeyrissjóðum aukast má búast við því að dragi úr greiðslum á mann frá TR að óbreyttu kerfi, en á móti vegur auðvitað aukinn mannfjöldi. Yrðu allar greiðslur frá TR föstu krónutala til allra myndi byrðin á ríkissjóð aukast verulega frá því sem nú er.

Breytingar á tekjum og áhrif á almannatryggingar

Þörf einstaklinga til framfærslulífeyris er misjöfn. Reynslan bendir til þess að kröfur aukist með batnandi lífskjörum. Fátæktarmörk eru til dæmis skilgreind sem hlutfall af miðtölu ráðstöfunartekna, en þær hafa aukist að raunvirði á undanfönum áratugum og öldum.

Hér á eftir skoðum við breytingu á heildarárstekjum tekjufjórðunga á föstu verðlagi ársins 2020 fyrir fólk á ákveðnum aldri á hverju ári fyrir sig með svonefndum kassaritum. Neðsta línan í hverjum kassa er 1. fjórðungur, miðlínan miðgildi og sú efsta 3. fjórðungur. Við skoðum fyrst hvernig tekjur 25 ára kvenna hafa breyst á föstu verðlagi á aldarfjórðungi, frá 1994 til 2019.

Mynd 30: Tekjufjórðungar 25 ára eftir kyni á föstu verðlagi. 1994, 2004, 2009 og 2019




Heimild: Ríkisskattstjóri, útreikningar Talmakönnunar. Milljónir króna.

Á Mynd 30 sést að laun 25 ára kvenna í neðsta tekjufjórðungnum hafa rúmlega tvöfaldast að raungildi á árunum frá 1994-2019, en kjör þeirra sem eru í miðgildi hefur batnað um 88% og þriðji tekjufjórðungur hefur hækkað um 80%. Frá árinu 2004 hafa raunhækkarnir á launum allra þessara hópa verið á bilinu 23%-28%. Við sjáum að neðsti tekjufjórðungur árið 2019 er með jafnmikið og miðgildið var fyrir 25 árum.

Mynd 30 sýnir að laun 25 ára karla í fyrsta tekjufjórðungi hafa hækkað um 32%, í öðrum fjórðungi um 52% og í þriðja fjórðungi um 42% frá árinu 1994. Þetta er talsvert minni hækkun en hjá konum á sama aldri, en á sama tíma eru karlarnir með hærri heildarlaunatekjur en konurnar yfir allt tímabilið. Á árunum 2004-2019 eru hækkarnir þessa hóps svo á bilinu 2%-6% en kjör þeirra versunuðu talsvert á tímabilinu 2004-2009. Bilið milli tekjuhópa er breiðara hjá körlunum en konum, en launatekjur þeirra eru um 25% hærri en konurnar í öllum fjórðungum.

Mynd 31: Tekjufjórðungar 45 ára eftir kyni á föstu verðlagi. 1994, 2004, 2009 og 2019




Heimild: Ríkisskattstjóri, útreikningar Talmakönnunar

Það sést á Mynd 31 að frá 1994 hafa árstekjur 45 ára kvenna í neðsta fjórðungi hækkað um 132%, öðrum fjórðungi um 127% og í þriðja fjórðungi um 115%. Einnig er nokkur hækkun frá 2004, milli 27%-36%. Við sjáum að tekjubilið er orðið breiðara en áður. Árið 2019 er 3. fjórðungur með meiri laun en 1. fjórðungur árið 1994. Hér hefur því orðið bylting á kjörum.

Frá 1994 hafa árstekjur 45 ára karla í fyrsta fjórðungi hækkað um 42%, í öðrum fjórðungi um 48% og í þriðja fjórðungi um 59% eins og sést á Mynd 31. Það vekur athygli hér að launatekjur batna meira eftir því sem horft er á tekjuhæri hlutann. Frá árinu 2004 hafa tekjur lítið breyst.

Mynd 32: Tekjufjórðungar 65 ára eftir kyni á föstu verðlagi. 1994, 2004, 2009 og 2019




Heimild: Ríkisskattstjóri, útreikningar Talmakönnunar

Mynd 32 sýnir að árstekjur 65 ára kvenna hækka nokkuð stöðugt á þessu árabili, en frá 1994 hafa tekjur þeirra hækkað um 150 til 180%. Frá árinu 2004 eru hækkanirnar á bilinu 44%-50%.

Á Mynd 32 sést einnig að árstekjur 65 ára karla hafa hækkað að raunvirði, upp undir 200% fyrir þá tekjumestu, frá árinu 1994. Mest var stökkið frá 1994 til 2004. Frá 2004 hafa launatekjurnar svo hækkað um 18%-27%.

Mynd 33: Tekjufjórðungar 75 ára eftir kyni. 1994, 2004, 2009 og 2019, spá 2045, 2070



Heimild: Ríkisskattstjóri, útreikningar Talmakönnunar

Mynd 33 ber með sér að tekjur 75 ára kvenna hafa hækkað um 125 til 175% frá 1994. Hækkanirnar frá 2004 hafa svo verið á bilinu 50%-80%. Þó svo að hækkanirnar séu háar í prósentum skal samt athugað að árstekjur eru talsvert lægri en hjá þeim sem eru 65 ára. Athygli vekur líka hve tekjudreifingin er lítil.

Á Mynd 33 má sjá hvernig þessum aldurshópum mun vegna í framtíðinni samkvæmt áætlun Talmakönnunar. Hér ber þó að hafa í huga að í tölunum fyrir 2009 og 2019 er miðað við tölur ríkisskattstjóra um alla framteljendur, en áætlun Talmakönnunar fyrir árin 2045 og 2070 byggir á launakúrvu Birtu. Ef Mynd 33 er borin saman við Mynd 32, sem sýnir 65 ára konur, má sjá að árið 2070 munu margir ellilífeyrisþegar hafa meiri tekjur en fólk á vinnumarkaði í dag. Líklega er munurinn milli kynja nokkuð ýktur í framtíðinni, því eins og fyrr segir hafa laun verið að jafnast.

Mynd 33 sýnir að 75 ára karlar í fyrsta fjórðungi hafa frá 1994 hækkað um 70%, í öðrum fjórðungi er hækkanin 128% og í þriðja 116%. Frá 2004 er hækkanin á bilinu 36%-60%.


Hér gildir það sama og hjá konunum, árið 2070 munu 75 ára karlar búa við betri kjör en 65 ára karlar árið 2019.

Í heildina hefur staða allra batnað frá árinu 1994, en ekki hafa allir séð kjarabót frá 2004. Yngri karlar standa í stað, sem er afleiðing þess að kaupmáttur þeirra hefur ekki batnað eins og komið er inn á fyrr í þessari skýrslu. Konur og ellilífeyrisþegar hækka mest í prósentum, en á sama tíma hafa lægri heildartekjur.

Þróun greiðslna almannatrygginga næstu áratugi

Ekki er hægt að segja annað en að reglur um lífeyri almannatrygginga hafi verið mjög breytilegar undanfarna áratugi. Á Mynd 34 má sjá að hlutfall lífeyrisgreiðslna TR af vergri landsframleiðslu (VLF) hefur hækkað úr því að vera í kringum 3% frá 1997 allt til ársins 2010 í um 4,5% árið 2019. Mesta breytingin varð frá 2016 til 2017 þegar greiðslugrunnur hækkaði. Myndin sýnir bæði ellilífeyri og aðrar lífeyrisgreiðslur. Raunhækkun greiðslna TR á undanförunum áratug nemur um 50 milljörðum króna á núverandi verðlagi.

Mynd 34: Þróun greiðslna lífeyris frá TR og lífeyrisjóðum 1997-2019




Heimild: *rsk.is* og útreikningar Talnakönnunar.

Til að glöggva okkur betur á þróuninni skoðum við skiptinguna frá Tryggingastofnun í örorkulífeyri annars vegar og ellilífeyri hins vegar á Mynd 35. Þá sést að á þessum árum er þróunin mjög mismunandi eftir því hvort litið er á örorkulífeyri eða ellilífeyri. Heildargreiðslur vegna örorkulífeyris hafa hækkað jafnt og þétt sem hlutfall af VLF frá árinu 2007 og hlutfallið hefur nær tvöfaldast á tímabilinu, úr 1,0% af VLF í 1,9%.

Á sama tíma eru sveiflur í hlutfalli ellilífeyris TR af VLF. Hlutfallið lækkar fram á árið 2008, úr 2,0% í 1,5% af VLF, en hefur hækkað eftir það og er nú orðið 2,6%.

Mynd 35: Skipting lífeyrisgreiðslna TR 1997-2019




Heimild: rsk.is og útreikningar Talnakönnunar.

Þessi hækkun á greiðslum frá TR hefur gerst á sama tíma og lífeyrisréttindi þeirra sem eru að fara á eftirlaun hafa batnað jafnt og þétt. Skyld er að benda á að sú þróun nær ekki til þeirra sem þegar eru farnir að taka lífeyri frá lífeyrissjóðum.

Til þess að reyna að fá mynd hvernig greiðslur frá TR gætu breyst á næstu áratugum er rétt að skoða nokkra mismunandi möguleika. Í fyrsta lagi að reglur verði óbreyttar frá því sem nú er og greiðslur muni halda raunvirði sínu og hækka í samræmi við verðlag. Aðrir kostir eru að þær hækki árlega að raunvirði um 0,5%, 1,0% eða 1,5%. Síðastnefnda talan er sú sama og miðað var við í útreikningum á breytingu á launum eftir fertugt (sjá Mynd 28), en fram að því er miðað við minni kaupmáttaraukningu.

Mynd 36: Þróun ellilífeyrisgreiðslna TR/VLF 2019-2067 m.v. mismunandi forsendur




Heimild: Útreikningar Talnakönnunar.

Myndin sýnir að miðað við forsendur spálíkansins mun hlutfallið lækka mikið á tímabilinu með meiri lífeyrissparnaði. Ef grunnurinn breytist ekkert að raunvirði verður framlagið komið undir hálf prósent af VLF eftir hálfu öld, en ef hann hækkar árlega um 1,5% að raunvirði fer hlutfallið í 1,3% í lok tímabilsins. Ef þetta gengur eftir mun því ekki bara hagur aldraðra batna á komandi áratugum heldur mun líka draga úr útgjöldum ríkisins til þessa málaflokks. Rétt er að benda á að hlutfallið helst tiltölulega stöðugt næsta áratug eða svo vegna fólksfjölgunar.

Við endum kaflann á því að sýna spá um hvernig greiðslur úr lífeyrissjóðum annars vegar og frá TR hins vegar munu þróast næstu hálfu öld miðað við reiknilíkanið sem notað er. Á myndinni er reiknað bæði með elli- og örorkulífeyri líkt og á Mynd 34 hér að framan. Myndin sýnir geysilega breytingu á lífeyriskerfinu. Hlutfall greiðslna úr lífeyriskerfinu nær fjórfaldast meðan útgjöld almennatrygginga dragast heldur saman.

Mynd 37: Spá um þróun greiðslna úr lífeyrissjóðum og frá almennatryggingum 2021-70




Heimild: Útreikningar Talmakönnunar.

Þróun séreignar

Frá 1998 hefur verið leyft að greiða viðbótarframlag í lífeyrissjóð. Framlagið, sem er skattfrjálst, hefur sveiflast nokkuð, en er nú allt að 6% af launum þar sem 2% greiðast af launþega og 4% af atvinnurekanda. Á Mynd 38 sjáum við hvernig heildareign í séreignarlífeyri hefur þróast frá árinu 1998 í hundruðum milljarða króna. Auk séreignarsparnaðar í lífeyrissjóðum hafa bankar einnig boðið upp á slíkan sparnað.


Mynd 38: Uppsafnaður séreignarsparnaður 1998-2020



Heimild: ll.is. Fjárbæðir í hundruðum milljarða króna á verðlagi hvers árs.

Í flestum lífeyrissjóðum er séreignarsparnaður fyrst og fremst byggður upp á framlögum umfram skylduiðgjald. Þó eru nokkrar undantekningar frá þessu. Almenni lífeyrissjóðurinn, Frjálsi lífeyrissjóðurinn og Íslenski lífeyrissjóðurinn eru allir með meirihluta sparnaðar félaga í séreign. Lífsverk er einnig með nálægt 20% sparnaðar í séreign. Hjá öðrum sjóðum er séreignin tiltölulega lítil hluti heildareigna.

Mynd 39: Hlutfall séreignarsparnaðar af samtryggingu 1998-2020



Heimild: Útreikningar Talnakönnunar, ll.is

Þegar skoðað er hlutfall séreignarsparnaðar af samtryggingu sést að það jókst hratt til ársins 2008 en hefur síðan staðið í stað. Það má að hluta til skýra með hruninu en einnig lögum sem heimila skattfrjálsa notkun séreignarsparnaðar til niðurgreiðslu lána. Hjá lífeyrissjóðunum er hlutfallið um 11-12%, en nálægt 7% hjá öðrum.

Í Töflu 2 hér að neðan má sjá hvernig sparnaðurinn skiptist milli lífeyrissjóða í árslok 2019. Þar sést að nánast má segja að eðlismunur sé á lífeyrissjóðunum eftir því hvort þeir eru fyrst og fremst samtryggingasjóðir eða séreignarsjóðir.

Tafla 2: Stærðarröð íslenskra lífeyrissjóða og skipting milli samtryggingar og séreignar 2020

Stærðarröð	Aðili	Samtrygging	Séreign	Hlutdeild
1	Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	98,1%	1,9%	19,3%
2	Lífeyrissjóður verslunarmanna	97,9%	2,1%	16,8%
3	Gildi - lífeyrissjóður	99,1%	0,9%	12,7%
4	Birta lífeyrissjóður	96,1%	3,9%	8,1%
5	Frjálsi lífeyrissjóðurinn	31,4%	68,6%	5,5%
6	Almenni lífeyrissjóðurinn	47,6%	52,4%	5,1%
7	Stapi lífeyrissjóður	97,5%	2,5%	4,9%
8	Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga	100,0%	0,0%	4,8%
9	Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	98,4%	1,6%	3,5%
10	Festa - lífeyrissjóður	99,6%	0,4%	3,4%
11	Lífsverk lífeyrissjóður	81,3%	18,7%	2,0%
12	Íslenski lífeyrissjóðurinn	22,5%	77,5%	1,9%
13	Arion Banki hf.	0,0%	100,0%	1,9%
14	Lífeyrissjóður bankamanna	100,0%	0,0%	1,5%
15	Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar	100,0%	0,0%	1,4%
16	Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	98,8%	1,2%	1,2%
17	Landsbankinn hf.	0,0%	100,0%	1,1%
18	Allianz á Íslandi	0,0%	100,0%	1,0%
19	Íslandsbanki hf.	0,0%	100,0%	1,0%
20	Eftirlaunasj atvinnuflugmanna	100,0%	0,0%	0,8%
21	Lífeyrissjóður bænda	100,0%	0,0%	0,7%
22	Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands	100,0%	0,0%	0,4%
23	Lífeyrissjóður Rangæinga	100,0%	0,0%	0,3%
24	Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar	100,0%	0,0%	0,2%
25	Lífeyrissjóður Tannlæknafél Ísl	24,4%	75,6%	0,1%
26	Kvika banki hf.	0,0%	100,0%	0,1%
27	Sparnaður (VKB)	0,0%	100,0%	0,1%
28	Lífisval - lífeyrissparnaður	0,0%	100,0%	0,0%
	Samtals:	85,0%	15,0%	100,0%

Heimild: Seðlabanki Íslands, fjármálaeftirlit.

Um tilgreinda séreign

Nú er til umræðu að setja lög um tilgreinda séreign sem felur í sér hækkun lágmarksiðgjalds í 15,5% og heimild sjóðfélaga að ráðstafa allt að 3,5% af lágmarksiðgjaldinu í svokallað tilgreinda séreign. Velji sjóðfélagar að ráðstafa í tilgreinda séreign halda þeir 1,4% ávinnslu en sleppi þeir henni er miðað við 1,8% ávinnslu. Frumvarp var lagt fram um þetta í apríl 2021 af fjármála- og

efnahagsráðherra. en það varð ekki að lögum. Búast má við að málið komi aftur fram í einhverri mynd.

Til að skoða hvaða áhrif þetta hefur í einföldum sviðsmyndum setjum við upp einstaklinga sem halda sömu launum út starfsævina, eins og áður hefur komið fram fylgja flestir launakúrvu en þetta er sett svona fram til einföldunar svo hægt sé að átta sig á áhrifum breytinganna. Fyrir einstakling sem byrjar á vinnumarkaði 23 ára og vinnur þangað til að hann verður 67 ára má hjá heildarlífeyrisgreiðslur hans á Tafla 3.

Einstaklingur sem er að byrja á vinnumarkaði í dag getur búist við talsvert hærri lífeyrisgreiðslum, en það er óháð lífeyrissjóðum. Í Tafla 3 er stillt upp einfaldri sviðsmynd þar sem miðað er við 1,8% jafna ávinnslu á ári og laun hugsuð út frá meðalmánaðarlaunum yfir alla starfsævina.

Tafla 3: Heildarlífeyrisgreiðslur sem hlutfall af meðalmánaðarlaunum einstaklings sem vinnur til 67 ára

Mánaðarlaun í þúsundum króna	400	550	700	900
Samtals lífeyrir frá og með 67 ára (hefur störf 23 ára)	111%	92%	82%	79%
Hlutfall TR af heildarlífeyrisgreiðslum	28%	14%	3%	0%
Samtals lífeyrir frá og með 67 ára (hefur störf 28 ára)	106%	87%	77%	70%
Hlutfall TR af heildarlífeyrisgreiðslum	34%	20%	9%	0%

Heimild: Tryggingarstofnun ríkisins og útreikningar Talnakönnunar.

Í raun eru flestir sjóðir eru með aldursháða innvinnslu og laun haldast ekki flöt yfir starfsævina. Með hliðsjón af því hve hátt hlutfall lífeyris er samkvæmt þessum töflum hafa vaknað hugmyndir um að rýmka ráðstöfunarrétt á tilgreindu séreigninni, sérstaklega til húsnæðisakaupa. Hugmyndin er þá sú að edlilegt sé að á því æviskeiði sem útgjöld eru mikil, til dæmis vegna stofnunar fjölskyldu, námslána og húsnæðisakaupa sé skyldusparnaður í formi lífeyrisiðgjalda minni en síðar á ævinni. Þannig yrði leyft að nýta tilgreindu séreignina að hluta til eða öllu leyti til húsnæðisakaupa.

Ef raunvextir af húsnæðislánum eru hærri en væntanleg ávöxtun lífeyrissjóða er einstaklingurinn væntanlega betur settur með að nýta séreignina í húsnæðisakaup. Þó gæti húsnæðisverð hækkað við rýmkuð fjárráð allra. Í raun kann svarið fyrir hvern og einn að ráðast af því hvernig fólk vill haga lífi sínu. Á fræðimáli er talað um nytjafall (e. *utility function*) sem ræður slíkum ákvörðunum. Fólk sem metur lægri skuldabyrði á unga aldri meira en rýmri eftirlaun mun væntanlega nýta fjármunina til eignakaupa.

Áhrifin á ríkissjóð af frumvarpinu eru tvíþætt. Annars vegar verður ríkissjóður af skatttekjum vegna þess hluta sem fer til húsnæðissparnaðar. Hins vegar verður ríkissjóður fyrir kostnaði af útgjöldum almannatrygginga vegna þess að sá hluti sem fer í tilgreinda séreign hefur samkvæmt frumvarpinu ekki áhrif á rétt til greiðslna frá TR. Benda má á að ef það verður valkvætt hvort 3,5% af lífeyrisiðgjaldi rennur til sameignar eða tilgreindrar séreignar skapar það mismunun milli hópa, ef annar hópurinn fær séreignarhlutann undanþeginn skerðingum frá TR en hinn ekki, því séreignasparnaður hefur ekki áhrif á greiðslur frá TR.

Þróun örorku

Meginefni þessarar skýrslu fjallar um ellilífeyri, en örorkulífeyrir er einnig stór þáttur í tryggingahlutverki lífeyrissjóða og Tryggingastofnunar. Hér á eftir verður fjallað á nokkrum blaðsíðum um þennan þátt og hvernig ætla má að hann þróist á komandi áratugum. Byggt er að hluta á upplýsingum sem Talmakönnun vann fyrir VIRK endurhæfingasjóð. Rétt er að benda á að þeir sem fá örorkulífeyri frá lífeyrissjóðunum eru aðeins um helmingur þeirra sem fá lífeyri frá TR. Örfáir fá svo einungis lífeyri frá lífeyrissjóðunum samkvæmt Mynd 42.


Mismunandi örorkulíkur eftir sjóðum

Lengi vel notuðu íslenskir tryggingastærðfræðingar danskar örorkulíkur til þess að meta líklegan fjölda öryrkja í lífeyrissjóðum. Nú hafa í tvígang verið gefnar út líkur fyrir landið, byggt á gögnum lífeyrissjóðanna. Nýjustu örorkulíkur byggja á gögnum árin 2011-16. Rétt er að benda á að nokkur munur er á örorku hjá Tryggingastofnun ríkisins (TR) annars vegar og lífeyrissjóðunum hins vegar. Að því verður vikið síðar.

Auk hinna opinberu örorkulíkna fyrir Ísland hafa verið metnar örorkulíkur fyrir nokkra lífeyrissjóði. Á myndunum hér á eftir má sjá samanburð á þremur föllum: Tíðni örorku fyrir Ísland, tíðni fyrir „þungan“ sjóð og tíðni fyrir „léttan“ sjóð. Þungur sjóður er með marga félaga sem stunda líkamlega erfiða vinnu, en í léttum sjóði er stærstur hluti félaga í skrifstofustörfum eða samsvarandi vinnu.

Á Mynd 40 og Mynd 41 sést að hvort sem lítið er á karla eða konur er greinilegt að mjög mikill munur er á örorkubyrðinni. Segja má að byrðin sé um 50% af stöðluðum líkum í léttum sjóði, meðan hún er um 50% hærrí en meðaltalið í þungum sjóði.

Mynd 40: Samanburður á uppsafnaðri örorkutíðni karla




Heimild: Örorkulíkur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT) og útreikningar Talmakönnunar

Rétt er að benda á að eftir 65 ára aldur mun einhver hluti örorkulífeyrisþega eiga kost á að fara á ellilífeyri og líkurnar því ef til vill aðeins vanmetnar á því aldurskeiði. Við sextugt eru tölurnar 6,5% í léttum sjóðnum, 11,4% í stöðluðu líkunum og 16,7% í þunga sjóðnum. Örorkubyrði þunga sjóðsins er því líðlega 2,5 sinnum hærrí hjá körlum en í léttum sjóðnum.

Skodum næst samsvarandi mynd fyrir konur (Mynd 41). Örorikutíðni er mun meiri hjá konum en körlum, en að öðru leyti mynda þungi og létti sjóðurinn eins konar vikið um ferilinn.

Mynd 41: Samanburður á uppsafnaðri örorkutíðni kvenna




Heimild: Örorkulíkur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT) og útreikningar Talnakönnunar

Ef við skoðum aftur uppsafnaða tíðni við sextugt er hún 12,1% í léttu sjóðnum, en 19% samkvæmt stöðluðu líkunum og 29,4% í þunga sjóðnum. Hlutföllin milli sjóðanna er áþekk og hjá körlum. Myndirnar sýna glögg að ekki er hægt að segja að allir hópar séu með svipaðar líkur á örorku. Þar er mikill munur eftir kyni, aldri og starfi.

Tölur Hagstofu um greiðslur til öryrkja

Á vef Hagstofunnar eru birtar upplýsingar um fjölda þeirra sem hafa þegið bætur vegna örorku, annars vegar frá TR og hins vegar frá lífeyrissjóðum. Þessi yfirlit ná yfir árin 2007 til 2018 og byggja að sögn starfsmanns Hagstofunnar⁶ á upplýsingum frá TR.

Mynd 42: Skipting á lífeyri til öryrkja



Heimild: Hagstofa Íslands

⁶ Samtal við Hildi Ernu Sigurðardóttur hjá Hagstofu 17.2.21


Á Vennmyndinni hér að framan sést hvernig lífeyrir til öryrkja skiptist milli TR og lífeyrissjóða árið 2018. Þar sést að alls eru 19.261 taldir vera alls lífeyrisþegar, 9.405 aðeins hjá TR, 9.597 sem fá greiðslur bæði frá TR og einhverjum lífeyrissjóði, en aðeins 259 sem fá eingöngu tekjur úr lífeyrissjóðum.

Sambærilegar upplýsingar má finna um skiptingu lífeyris eftir kyni og aldri fyrir öll ár frá 2007 til 2018. Í umfjöllun hér á eftir eru þessar upplýsingar lagðar til grundvallar.

Hvernig hefur örorka þróast undanfarin ár?

Á myndinni hér á eftir sést hvernig örorka hefur þróast í heild á árunum frá 2007 til 2018 eftir aldurshópum.

Mynd 43: Örorka árin 2007 til 2018 eftir aldersbópum



Heimild: Hagstofa Íslands

Rétt er að benda á að myndin er „eðlileg“ að því leyti að hlutfall þeirra sem fá örorkulífeyri hækkar eftir aldri. Þetta er í góðu samræmi við Mynd 40 og Mynd 41 hér að framan. Til einföldunar getum við sagt að um 5% þjóðarinnar fái örorkulífeyri milli þrítugs og fertugs, milli 10 og 15% milli fimmtugs og sextugs og nálægt fjórðungi á aldrinum 65 til 66 ára.


Ekki er hægt að segja að skýrar línur séu um breytingar á örorku á tímabilinu. Ferlarnir eru tiltölulega stöðugir. Þó má segja að ferillinn milli fimmtugs og sextugs sýni leitni upp á við, en í upphafi tímabilsins voru 11,4% aldurshópsins á örorkulífeyri en í lokin 12,6%.

Ferillinn fyrir 66-67 ára einstaklinga sýnir skýrustu lækkunina, úr 27,2% í 22,7%.

Skodum næst örorku karla og kvenna á Mynd 44. Það sem er skýrast á myndinni er að örorka er miklu meiri meðal kvenna. Þetta er vel þekkt úr ýmsum athugunum gegnum tíðina. Til dæmis er mikill meirihluti viðskiptavina VIRK endurhæfingar konur.

Myndirnar sýna hve miklu algengari örorka er hjá konum en körlum, allt upp í tvöfalt meiri á þessu tímabili. Þetta má líka sjá með því að skoða uppsafnaða örorku eftir reikninlíkani fyrir íslenska lífeyrissjóði frá FÍT sem Mynd 40 og Mynd 41 eru byggðar á.

Mynd 44: Samanburður á reiknuðum örorkulíkum karla og kvenna




Heimild: Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga

Myndin sýnir að örorkulíkur kvenna eru milli 50 og 75% hærri en samsvarandi líkur karla frá fertugu.

Margir öryrkjar eru ekki í lífeyrissjóði

Ef við skoðum sérstaklega þá sem notið hafa örorkulífeyris einungis frá TR sést að það er um helmingur allra örorkulífeyrisþega. Myndin hér á eftir sýnir að þessi hópur er mjög ólíkur heildinni.


Mynd 45: Hlutfall örorkulífeyrisþega sem aðeins fá lífeyri frá TR í aldursbópum 2007-18



Heimild: Hagstofa Íslands.

Hér fer tíðnin ekki mikið hækkandi eftir aldri og ferlarnir virðast flestir sameinast í kringum 5%. Hugsanlegt er að einhverjir í þessum hópi eigi rétt í lífeyrissjóði en hafi ekki hirt um að sækja hann, en líklegast að flestir í hópnun eigi engan rétt og hafi ekki verið á almennum vinnumarkaði. Hér er því líklega stærstur hluti með örorku frá barnsaldri eða jafnvel fæðingu.

Mynd 46: Samanburður á hlutfalli örorkulífeyrisþega hjá TR eftir kynjum og aldri 2007-28



Heimild: Hagstofa Íslands.


Þegar myndir af tíðni kynjanna eru skoðaðar hlið við hlið sést að bæði er örorkan almennt minni hjá körlum nema fyrir yngstu aldurshópina. Þetta kann að benda til þess að stærri hópur kvenna komin seint inn á vinnumarkaðinn en karlar. Sú var raunin fyrir nokkrum áratugum, en er væntanlega fátíðara nú.

Erfitt er að sjá að einhver hreyfing sé á tíðninni hjá körlum, en hjá konum er leitni niður á við í nokkrum tilvikum.

Spá um hlutfall öryrkja til 2070

Örorkulífeyrir mun áfram verða umtalsverður hluti af lífeyrisgreiðslum lífeyrissjóða, en vægi hans mun minnka eftir því sem fleiri komast á ellilífeyrisaldur. Á Mynd 47 sést spá um hlutfall öryrkja af landsmönnum á árunum fram til 2070. Rétt er að vekja athygli á kvarðanum, það er hækkunin er frá 5,2% upp í 5,8%.

Mynd 47: Spá um blutfall öryrkja af mannfjölda 2021-2070



Heimild: Útreikningar Talnakönnunar.


Samkvæmt spánni má búast við því að örorkan verði nokkuð stöðug næstu 15 árin, en aukist svo rétt fyrir 2040, nái hámarki fyrir 2060 og lækki svo aftur. Þetta endurspeglar í raun þá staðreynd að hlutfallslega færri verða þá á virkum vinnualdri, það er frá 18 til 66 ára.

Hér er reiknað með örorkulíkum, gefnum út af Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga fyrir virka sjóðfélaga, en auk þess má út frá tölum Hagstofunnar áætla að um 0,6% séu öryrkjar frá fæðingu eða barnsaldri.

Á Mynd 42 hér að framan má sjá að einungis hluti öryrkja fær lífeyri frá lífeyrissjóðum. Skýringar á þessu eru nokkrar. Sumir komast aldrei á vinnumarkað vegna meðfæddrar örorku og aðrir verða lítt virkir vegna, til dæmis vegna neyslu vímuefna eða annarra sjúkdóma.

Í lokin skoðum við hvaða áhrif þessar breytingar á örorku gætu haft á greiðslur, annars vegar úr lífeyrissjóðum og hins vegar frá almannatryggingum á næstu hálfu öld. Segja má að myndirnar endurspeglar þessa þróun. Vegna þess að þjóðin eldist á tímabilinu fjölga fólki með örorku eins og að framan greinir. Því aukast greiðslur til þessa, bæði úr lífeyrissjóðum úr rúmlega 1% í um 2% af VLF og frá TR úr tæplega 2% í um 3% af VLF. Á núverandi verðlagi jafngildir þessi aukning um 60 milljörðum króna árlega.

Mynd 48: Spá um blutfall örorkulífeyris af VLF 2021-70



Heimild: Útreikningar Talnakönnunar.

Nægjanleiki lífeyris


Þegar talað er um nægjanleika lífeyris er yfirleitt talað um lífeyri úr stofnunum þremur – almannatryggingum, samtryggingarsjóðum og viðbótarlífeyrissparnaði. Auk þessa eiga margir eigin sparnað, bæði í peningum og sérstaklega í eigin húsnæði. Þeir sem búa í eigin húsnæði losna við leigugreiðslur, en á þá leggst auðvitað annar kostnaður eins og fasteignagjöld, viðhald og tryggingar. Þeir fá líka mögulega leigutekjur af húsnæðiseign. Þeim sem eru með launatekjur fer fækkandi með hækkandi aldri, en fjármagnstekjur eða eignasala er búsiðlag hjá sumum.

Fróðlegt er að bera kjör eldri borgara hérlendis saman við jafnaldra þeirra í nágrannalöndunum⁷. Þegar skoðað er hve stór hluti þeirra sem eru 75 ára og eldri er undir fátæktarmörkum er sérstaða Íslands augljós. Viðmiðið um fátæktarmörk er 60% af miðgildi tekna á svonefnda neyslueiningu eða heimili (fjölskyldu eða einstakling, eftir því hvað við á) að teknu tilliti til millifærslutekna. Þeir sem hafa minni tekjur en það eru taldir vera í áhættu varðandi fátækt. Hlutfall undir fátæktarmörkum meðal þessa aldurshóps var lægst á Íslandi, 2,6%. Til samanburðar var það 12,7% í Noregi, 15,8% í Danmörku, 19,9% í Svíþjóð og 21,4% í Finnlandi.

Í kaflanum hér á eftir sést að búast má við því að lífeyriskerfið eflist á næstu áratugum og því viðbúið að lífeyririnn muni í framtíðinni uppfylla væntingar um nægjanleika betur en nú. Einnig ber að hafa í huga að eyðsla flestra minnkar með hækkandi ellilífeyrisaldri. Þegar fólk sparar má ætla að það telji ráðstöfunartekjur viðunandi. Á Mynd 55 hér á eftir sést að sparnaður vex með aldri, gagnstætt því sem mætti ætla að fólk safnaði til ellíáranna og gengi þá á eigin sparnað.

Aftur á móti benda kannanir til þess að útgjöld fari minnkandi eftir aldri. Skýringarnar eru meðal annars þær að fólk þarf ekki lengur að sjá fyrir börnum, hefur keypt flest sem þarf til heimilishalds og hefur náð að borga niður lán. Mynd 49 sýnir útgjöld heimila flokkað eftir aldri (miðað við það hjóna eða sambýlisfólks sem eldra er) í könnun frá Bretlandi⁸ árið 2018.

Mynd 49: Útgjöld heimila eftir aldri – Bretland




Heimild: *Breska hagstofan (Office for National Statistics)*

⁷ Eurostat, EU-SILC, lífsskjarakönnun ESB. Nýjustu tölur um Ísland eru fyrir árið 2018. Sjá einnig Sigurður Guðmundsson: Kröpp kjör? – Tekjuleg staða eldri borgara miðað við aðra aldurshópa, *Morgunblaðið* 3.5.2021.

⁸ <https://www.ons.gov.uk/peoplepopulationandcommunity/personalandhouseholdfinances/expenditure/>

Mynd 50: Útgjöld á mann eftir aldri – Bandaríkin



Heimild: Vinnumálatölfræðistofa Bandaríkjanna (Bureau of Labor Statistics)

Mynd 50 sýnir sambærilegar upplýsingar frá Bandaríkjunum, miðað við einstaklinga⁹. Þar minnka neysluútgjöld líka með aldri, þannig að það er fleira en minnkandi heimili sem hefur áhrif á neyslu. Þessar myndir skýra hvers vegna talað er um nægjanlegan lífeyri að miðað við minni tekjur en meðan fólk fékk meðan það var yngra.

Þróun hreinnar eignar


Þó að lífeyrisréttindi séu vissulega mikilvæg á ellilífeyrisaldri skipta aðrar eignir mjög miklu máli líka. Á myndunum hér á eftir sést hvernig hrein eign (eignarskattstofn) samkvæmt skattframtali hefur þróast undanfarna áratugi.

Hér í skýrslunni er víða miðað við meðaltöl, en oft gefur miðgildi (þar sem 50% eru ofan við töluna og 50% neðan við hana) raunsannari mynd. Meðallaun og eignir eru oft hærri en miðtölur. Skýringin er sú að sumir eiga mjög miklar eignir og hækka því meðaltalið. Sýnum þennan mun á tveimur myndum áður en lengra er haldið.

Hagstofan birtir töflur um meðaltal og miðgildi eigna eftir fjölskyldugerð, en útreikningarnir í þessari skýrslu miða við einstaklinga. Þess vegna er munur á milli meðaltalna á samkvæmt útreikningum Hagstofunnar sem sjást á Mynd 51 og Mynd 52 og útreikningum Talmakönnunar sem sjást á Mynd 53 og Mynd 54. Aldur fjölskyldu í tölum Hagstofunnar miðast við elsta fjölskyldumeðlim. Útreikningar Talmakönnunar gefa lægri tölu, því einstaklingarnir eru mun fleiri en fjölskyldurnar. Því gefa útreikningarnir fyrst og fremst hugmynd um hve stór munurinn er á meðaltali og miðgildi eigna og skulda.

⁹ <https://www.bls.gov/opub/btn/volume-4/pdf/consumer-expenditures-vary-by-age.pdf>

Mynd 51: Eignir í milljónum króna eftir aldri. Samanburður miðgildis og meðaltals




Heimild: Hagstofa Íslands

Við sjáum að miðgildi eigna er nánast núll fyrir yngstu aldurshópnum, það er helmingur (eða meira) eiga sáralitlar skráðar eignir. Frá 40 til 50 ára er munurinn á miðgildi og meðaltali tiltölulega lítill en er svo orðinn um 20% hjá elsta aldurshópnum.

Munurinn er meira sláandi þegar lítið er á skuldir. Þar er meðaltalið 6 til 9 milljónum hærra en miðgildið í nær öllum aldurshópnum. Hér er það hópnum í vil að vera lægri, það er helmingur alls fólks skuldar 6 til 9 milljónum minna en meðaltalið segir til um. Munurinn á meðaltali og miðgildi fyrir hreina eign er því væntanlega minni en á þessum tveimur stærðum.


Mynd 52: Skuldir í milljónum króna eftir aldri. Samanburður miðgildi og meðaltals



Heimild: Hagstofa Íslands

Að þessu sögðu könnunum við ýmsar stærðir og miðum við meðaltöl. Skoðum fyrst hreina eign.

Mynd 53: Hrein eign nokkurra aldurshópa 1994-2019. Fólk á vinnualdri



Fast verðlag miðað við árslok 2020. Heimild: Útreikningar Talnakönnunar, gögn rsk.is.

Rétt er að leggja áherslu á að hér er inneign í lífeyrissjóðum ekki meðtalin, en hún er oft verðmætasta eignin. Henni safna menn á vinnualdri og ganga svo á hana í ellinni. Hún er aftur á móti ekki jafnsýnileg og peningalegar eignir í banka og hlutabréfum eða fasteignir.

Horfum fyrst á fólk undir ellilífeyrisaldri. Mynd 53 sýnir hækkun á árunum 2004 til 2007 og svo mikla dýfu eftir hrun, yfir 30% og jafnvel úr plús í mínus fyrir 30 ára aldurshópinn. Það er ekki fyrr en árið 2017 sem hrein eign er orðin jafnmikil að raunvirði og hún var talin vera árið 2007.


Hrein eign við þrjátíu ára aldur hefur sveiflast á milli -2,5 milljóna upp í tæplega fimm milljónir á tímabilinu. Hjá tíu árum eldra fólki var eigið fé að meðaltali sex milljónir króna árið 1996 en var um tólf árið 2019 og hefur því tvöfaldast. Aukningin var hröðust frá árinu 2013 til 2019.

Hjá fimmtugu fólki tvöfaldast eigið fé líka frá 1996, frá um tólf milljónum í 22. Hækkunin er svipuð hjá þeim sextugu, úr fimmtán milljónum árið 1996 í rúmlega 32 árið 2019. Ef horft er á tölur í árslok 2019 sést að eigið fé virðist aukast um nálægt sex milljónum á hverjum áratug eða um 600 þúsund krónur á hverju ári. Hér er auðvitað um meðaltöl að ræða og ætla má að aukningin sé mjög mismikil eftir tekjum.

Þessar tölur benda til þess að við 60 ára aldur eigi einstaklingar að meðaltali um 35 milljónir. Miðað við íslenskar lífslíkur og 3,5% ávöxtun jafngildir slík fjárhæð nálægt 2,6 milljónum á ári í tekjur til æviloka. Þessa tölu má auðvitað ekki taka of bókstaflega því að peningarnir eru að stærstum hluta bundnir í húseignum, en á móti kemur að fólk sparar sér leigu þannig að þessi samanburður er ekki út í bláinn.

Skoðum næst hvernig þróunin hefur verið á þessum árum hjá fólki sem komið var á ellilífeyrisaldur.

Mynd 54: Hrein eign nokkurra aldursþópa 1994-2019. Fólk á ellilífeyrisaldri



Fast verðlag miðað við árslok 2020. Heimild: Útreikningar Talnakönnunar, gögn rsk.is


Hér sést að þróunin er mjög svipuð fyrir alla aldursþópa. Þó vekur það athygli að hér sjást minni merki um hrunið en hjá þeim yngri. Fólk á lífeyrisaldri skuldar lítið og á stóran hluta sinna eigna í fasteignum og á bankareikningum. Í lok tímabilsins er eiginfé allra þópa að meðaltali á bilinu 40 til 45 milljónir króna á einstakling eða um 80 milljónir króna á hjón.

Niðurstaðan er sú að eignastaða fólks á eftirlaunaaldri hefur stórbatnað á undanförunum aldarfjórðungi og lætur nærri að hrein eign hafi nærri þrefaldast á þessum tíma.

Hér að framan er vikið að árlegum sparnaði eftir aldri. Hann er að sjálfsögðu ekki föst tala heldur eykst í flestum tilvikum eftir aldri. Freistandi væri að halda því fram að hann minnkaði eða væri jafnvel neikvæður eftir að lífeyrisaldur nálgast. Þá minnka tekjur í mörgum tilvikum og það tímabil ævinnar sem menn höfðu verið að spara til hefst.

Á Mynd 55 er skoðað hver sparnaður var að meðaltali á hverju aldursári. Sem fyrr er byggt á gögnum Ríkisskattstjóra úr skattframtölum. Hverjum árgangi um sig er fylgt eins lengi og mögulegt er og skoðuð breyting á eignarskattstofni á hverju ári. Á myndinni er notað fimm ára fljótandi meðaltal.

Mynd 55: Árlegur sparnaður eftir aldri



Fast verðlag miðað við árslok 2020. Heimild: Útreikningar Talnakönnunar, gögn rsk.is


Myndin sýnir einmitt það sem giskað var á fram til 67 ára aldurs, það er að meðalsparnaður eykst á hverju ári fram um sextugt og er þá um 600 þúsund krónur. Hann minnkar þá til 67 ára aldurs niður í 400 þúsund krónur á ári. Allt virðist þetta rökrétt og samkvæmt kenningunni ætti hann að fara niður fyrir núllið á árunum þar á eftir, það er fólk gengi á sparnað á ellilífeyrisárum.

En myndin sýnir að sparnaðurinn eykst svo aftur upp í um 600 þúsund krónur um sjötugt, helst óbreyttur í áratug, en vex svo enn eftir áttrett. Rétt er að benda á að þá byggir útreikningurinn á heldur færri gagnapunktum en þó aldrei færri en níu árgöngum. Jafnframt má ekki gleyma því að sparnaðurinn sveiflast mikið eftir árferði þannig að hér er fyrst og fremst um vísbendingar að ræða. Jafnframt eru meðaltöl viðkvæmari fyrir einstökum mælingum en til dæmis miðgildi. Í þessum mælingum lækkar slök afkoma árin 2008-9 útkomuna. Engu að síður má ætla að útreikningarnir gefi vísbendingu um sparnaðinn. Þvert á það sem hugsunin er með sparnaðinum þá byggist hann upp, jafnvel þó að tekjur minnki.

Minnkandi skuldir og vaxandi eignir

Staða fólks ræðst auðvitað bæði af eignum og skuldum. Það er eðlilegt að skuldir séu mestar þegar fólk hefur lokið námi og er að koma sér upp húsnæði á sama tíma. Á Mynd 56 sést hvernig skuldirnar þróast eftir aldri á nokkrum tímupunktum.

Mynd 56: Meðalskuldur sem blutfall af meðaleignum eftir aldri




Heimild: Útreikningar Talmakönnunar út frá tölum Ríkisskattstjóra.

Greinilegt er að skuldir jukust mikið eftir aldamót. Árið 1994 var náðu skuldir hámarki í 60% af eignum hjá fólki um þrítugt og voru komnar niður fyrir 10% eftir fimmtíu og fimm ára aldur. Ætla má að skuldir fólks á þeim aldri og eldra (fætt 1939 og fyrr) hafi að hluta til skerast í verðbólgu áður er verðtrygging var tekin upp. Árið 2009 hafði hrunið haft margvíslegar afleiðingar og greinilega lyft allri kúrvunni. Skuldir jukust og eignir töpuðu verðgildi. Lagið er svipað og á ferlinum 2004, en skuldir allra árganga meiri sem hlutfall af eignum.

Árið 2019 hefur staðan lagast mikið. Ungt fólk skuldar þá mun minna hlutfallslega en árið 2004 og hámarkið ekki langt frá því sem það var 25 árum fyrr. Það er þó áhugavert að skuldir sjötugra eru um 14% af eignum. Það er æskilegt markmið að skuldir séu litlar þegar ellilífeyrisaldri er náð.

Mynd 57: Eigið fé eftir aldri



Heimild: Útreikningar Talmakönnunar út frá tölum Ríkisskattstjóra.


Við skoðum næst hreina eign eftir aldri á sömu tímamarkum. Í öllum tilvikum er horft á eign einstaklinga á föstu verðlagi árið 2020. Samkvæmt myndinni var staðan betri árið 2019 en á öllum fyrri viðmiðunarpunktum, sér í lagi hjá fólki eftir fertugt.

Hjá ungu fólki er hrein eign lítil sem engin og eftir hrun skulduðu margir meira en þeir áttu. Neikvæð staða á unga aldri skýrist væntanlega fyrst og fremst af námslánum og ef til vill kaupum á eignum á verði sem er yfir fasteignamat.

Athyglisverðast er þó að staða þeirra sem er 65 ára og eldri er að meðaltali jákvæð um rúmlega 40 milljónir króna. Þetta skýrist auðvitað fyrst og fremst af því að stór hluti á þá skuldlitla eign í húsnæði. Það er auðvitað búbot líka fyrir þá sem þurfa ekki að borga leigu eða afborganir.

Næst könnum við peningalega stöðu þeirra sem komnir eru á eftirlaun. Mynd 58 sýnir að hún er tiltölulega lítil á unga aldri en fer vaxandi sem hlutfall af eignum og er komin í um 30% af eignum árið 2019, en var reyndar hærrí á fyrri áum, en skýringin er fremur herra verðmat fasteigna en að peningaeignir hafi minnkað.

Mynd 58: Hlutfall peningalegrar eignar af heildareignum einstaklinga eftir aldri



Heimild: Útreikningar Talmakönnunar út frá tölum Ríkisskattstjóra.

Hlutfall fastafjármuna (fyrst og fremst eigin íbúðarhúss og ef til vill sumarhúss) minnkar samsvarandi. Á fyrstu aldursskeiðum er fasteign nánast eina hreina eign flestra, en eftir því sem skuldir eru greiddar niður vex vægi peningalegrar eignar. Fólk virðist tregðast við að ganga á aðrar eignir en lífeyrissparnað. Einnig má benda á að erlendis, til dæmis í Danmörku, er fólk boðið upp á leggja íbúð sína inn í sjóð og fá lífstíðarlífeyri á móti (e. *home equity pension*). Búnaðarbankinn bauð upp á slíkan lífeyri fyrir rúmlega 20 árum, en fékk ekki miklar undirtektir.

Lífeyrissparnaður – stærsta eignin


Oft hefur verið á það bent að lífeyrissparnaður sé í raun stærsta eign margra við starfslok. Skoðum hvernig sú eign þróast miðað við meðalmanninn. Gert er ráð fyrir því að greidd séu 15,5% í lífeyrissjóð af meðallaunum fyrir hvern árgang, allt frá 16 ára aldri fram að því sem

einstaklingurinn verður 67 ára. Rétt er að vekja athygli á því að þeir sem nú eru að fara á lífeyri hafa áunnið sér minni réttindi en þetta.

Með þessum útreikningum þar sem fylgt er tekjukúrvu fæsta að verðmæti lífeyrisréttar hækkar eftir aldri allt þar til farið er á lífeyri en lækkar svo aftur allt til dauðadags. Hér er miðað við réttindi í samtryggingasjóði, en þar njóta að sjálfssögðu aðeins þeir sem lifa fram yfir lífeyrisaldur sinna réttinda.

Við sjáum á Mynd 59 hvernig virði lífeyrissparnaðarins eykst ár frá ári allt fram til 67 ára, en minnkar svo jafnt og þétt það sem eftir er ævinnar. Hér er verðmæti hans rúmlega 70 milljónir við starfslok en það svarar til um 500 þúsund króna lífeyris á mánuði. Annar sparnaður eykst aftur á móti allt til hárrar elli. Hér er miðað við sparnaðinn eins og hann var á hverju æviskeiði árið 2019, en líklegt er að í framtíðinni verði hann meiri en nú, ef kaupmáttur heldur áfram að aukast eins og hann hefur gert undanfarnar tvær aldir. Hægt er að miða við það sem þumalfingursreglu að verðmæti lífeyrissparnaðar (samtryggingar) við starfslok sé 12 sinnum árslífeyrir. Þannig gefur mánaðarlífeyrir upp á 300 þúsund krónur, sem jafngilda árslífeyri upp á 3,6 milljónir króna um það bil 43 milljón króna verðmæti lífeyrissparnaðar við 67 ára aldur.

Mynd 59: Heildareignir eftir æviskeiði að lífeyrissparnaði meðtöldum



Heimild: Útreikningar Talnakönnunar, gögn frá rsk.is.

Þróun lífeyriskjara sjóðfélaga Birtu


Hluti af athuguninni er að skoða sérstaklega lífeyriskjör sjóðfélaga Birtu á komandi árum og áratugum. Niðurstaðan er sú að lífeyrir frá sjóðnum muni að meðaltali tvöfalda á næstu 25-30 árum. Hér er miðað við að sjóðfélagar haldi áfram að vinna sér inn réttindi með sama hætti og undanfarin ár og að forsendur um kaupmáttaraukningu launa og ávöxtun standist. Jafnframt er reiknað með óbreyttum reglum um lífeyri Tryggingastofnunar.

Á myndunum hér á eftir má sjá hvernig sjóðfélögum Birtu mun líklega reiða af miðað við staðlaðar forsendur um innvinnslu til ellilífeyrisára, í fyrsta lagi eingöngu með lífeyri úr sameignarsparnaði, í öðru lagi með ellilífeyri frá TR og í þriðja lagi áætluðum séreignarsparnaði.

Allar myndirnar eiga það sameiginlegt að hagur sjóðfélaga batnar þegar fram líða stundir. Skýringar á því eru margar. Stór hluti af lífeyrissparnaði tapaðist í verðbólgu fyrir árið 1980, ekki var greitt í lífeyrissjóð af öllum tekjum fram á tíunda áratug síðustu aldar og iðgjald hefur hækkað í áföngum úr 10% af launum í 15,5%. Þannig eru þeir sem hafa byrjað í lífeyrissjóði síðar betur settir en hinir sem voru þátttakendur fyrstu árin.

Skoðum fyrst niðurstöður fyrir karla, en eins og fram hefur komið er mikill meirihluti sjóðfélaga Birtu karlar. Rétt er að ítreka að um framreikning til 67 ára aldurs er að ræða og gert ráð fyrir því að tekjur fylgi tekjukúrvu á Mynd 24. Lárétti ásinn sýnir aldur í árslok 2019 og ferlarnir sýna mismunandi tekjur eftir tekjufjórðungum.


Mynd 60: Lífeyrir karla frá Birtu eftir aldri og tekjufjórðungum



Heimild: Birta lífeyrissjóður, útreikningar Talnakönnunar.

Fjórðungarnir þýða að 25% sjóðfélaga hafa minni réttindi en þeir sem guli ferillinn sýnir, helmingur er með minna en svarti ferillinn og 75% minna en sá blái. Samkvæmt þessu munu þeir sem nú eru 66 ára og tilheyra fyrsta fjórðungnum fá tæplega 150 þúsund í lífeyri, meðalmaðurinn (miðgildi) fær um 230 þúsund og þeir sem eru í 75% fá tæplega 300 þúsund. Þess bera að geta að hér er eingöngu horft á réttindi í Birtu, en margir sjóðfélagar eiga væntanlega réttindi í fleiri sjóðum.


Mynd 61: Lífeyrir karla frá Birtu að viðbættum lífeyri frá TR eftir aldri og tekjufjórðungum



Heimild: Birta lífeyrissjóður, útreikningar Talnakönnunar.

Þegar við skoðum hvaða áhrif það hefur á tekjur að bæta við lífeyri frá TR hækka tekjurnar og bilið milli hópa minnkar. Hér er ekki gert ráð fyrir heimilisuppbót frá TR, þannig að við gerum ráð fyrir að þessir einstaklingar séu ekki einir í heimili. Þeir sem nú eru 66 ára og tilheyra fyrsta fjórðungnum fá þá tæplega 350 þúsund í lífeyri, meðalmaðurinn (miðgildi) fær tæplega 395 þúsund og þeir sem eru í 75% fá rúmlega 420 þúsund. Hér erum við nær heildarlífeyri, því greiðslur frá TR lækka um 45% miðað við greiðslur frá öðrum sjóðum (frítekjumarkinu er náð með greiðslum frá Birtu). Bilið milli 75% og 50% minnkar ekki fyrir þá yngstu því þar eru lífeyrisgreiðslur það háar að ekkert eða nánast ekkert er greitt frá TR.

Mynd 62: Lífeyrir kvenna frá Birtu eftir aldri og tekjufjórðungum



Heimild: Birta lífeyrissjóður, útreikningar Talnakönnunar.

Niðurstöðurnar fyrir konur sýna svipað bil milli fjórðunga og réttindin minnka eftir aldri eins og hjá körlunum en upphæðirnar eru lægri. Það eru talsvert færri konur en karlar í Birtu og því geta nokkrir einstaklingar haft áhrif á línu hvers fjórðungs í þessu grafi. Þær sem nú eru 66 ára og tilheyra fyrsta fjórðungnum fá þá tæplega 69 þúsund í lífeyri, miðgildið sýnir rúmlega 127 þúsund og þær sem eru í 75% fá rúmlega 183 þúsund. Á Töflu 4 má sjá lífeyrisgreiðslur frá Birtu eftir kyni í þúsundum króna, og hversu stórt hlutfall lífeyrir kvennanna er af lífeyri karlanna.


Tafla 4: Lífeyrir sjóðfélaga Birtu m.v. réttindi í árslok 2019

Fjórðungur	Konur	Karlar	KVK/KK
25%	69	150	46%
50%	127	230	55%
75%	183	300	61%

Heimild: Birta lífeyrissjóður, útreikningar Talnakönnunar.

Lífeyrir frá TR er ekki með í þessum tölum, en Mynd 63 og bæði Tafla 5 og Tafla 6 sýna hvernig hann breytir stöðunni.

Mynd 63: Lífeyrir kvenna úr Birtu að viðbattum lífeyri frá TR eftir aldri og tekjufjórðungum



Heimild: Birta lífeyrissjóður, útreikningar Talnakönnunar.

Ef við bætum lífeyri frá TR við gerist það sama og hjá körlunum, tekjur hækka og bil milli hópa minnkar. Hér er ekki reiknað með heimilisuppbót, þannig að gert er ráð fyrir að þessir einstaklingar séu ekki einir í heimili. Ólíkt körlunum fá allir tekjufjórðungar kvenna greitt frá TR óháð aldri. Þær sem nú eru 66 ára og tilheyra fyrsta fjórðungnum fá þá rúmlega 305 þúsund í lífeyri, miðgildið gefur rúmlega 338 þúsund og þær sem eru í 75% fá rúmlega 369 þúsund. Á Tafla 5 má sjá lífeyrisgreiðslur frá Birtu ásamt lífeyri frá TR eftir kyni í þúsundum króna, og hversu stórt hlutfall lífeyrir kvennanna er af lífeyri karlanna.

Tafla 5: Heildarlífeyrir sjóðfélaga Birtu með greiðslum frá TR m.v. réttindi í árslok 2019

Fjórðungur	Konur	Karlar	KVK/KK
1. 25%	305	350	87%
2. 50%	338	395	86%
3. 75%	369	420	88%

Heimild: Birta lífeyrissjóður, útreikningar Talnakönnunar.

Með samanburði Tafla 5 og Tafla 4 má sjá að hlutfallið milli tekna kvenna og karla jafnast töluvert þegar við bætum lífeyri frá TR við, og ef við skoðum tekjur eftir skatt eins og má sjá á Tafla 6 jafnast það enn frekar.

Tafla 6: Heildarráðstöfunartekjur sjóðfélaga Birtu með greiðslum frá TR eftir skatta m.v. réttindi í árslok 2019

Fjórðungur	Konur	Karlar	KVK/KK
1. 25%	260	291	89%
2. 50%	282	319	89%
3. 75%	302	334	91%

Heimild: Birta lífeyrissjóður, útreikningar Talnakönnunar.

Engin opinber fátaektarmörk eru skilgreind á Íslandi. Samkvæmt Eurostat-staðli, sem setur fátaektarmörkin við 60% af miðgildi ráðstöfunartekna fullvinnandi launamanna (miðað við neyslueiningu eða heimili eins og fyrir er að vikið), og Hagstofan reiknar og birtir. Fyrir árið 2019


voru þessi mörk við 275 þúsund krónur í ráðstöfunartekjur, en eins og sést á Töflu 5 falla konur í neðsta fjórðungi hjá Birtu undir þessi mörk búi þær ekki einar og ef þær fá allan sinn lífeyri frá Birtu. Sé reiknað með heimilisuppbót ná þó allir hópar lágmarkinu eins og sést á Töflu 7. Rétt er að áréttu að mikill meirihluti sjóðfélaga Birtu er karlar og líklegt er að margar konur í hópi sjóðfélaga eigi líka réttindi í öðrum lífeyrissjóðum.

Tafla 7: Heildarlífeyrir sjóðfélaga Birtu með greiðslum frá TR og heimilisuppbót eftir skatta m.v. réttindi í árslok 2019

Fjórðungur	Konur	Karlar	KVK/KK
25%	292	313	93%
50%	307	335	92%
75%	322	354	91%

Greiðslur frá TR með heimilisuppbót án annara greiðslna frá lífeyrissjóðum hafa verið að nálgast þessi mörk á síðustu árum eins og má sjá á Mynd 64.

Mynd 64: Ráðstöfunartekjur frá TR með heimilisuppbót 2015—2019 sem hlutfall af miðgildi ráðstöfunartekna




Heimild: Tryggingarstofnun ríkisins og útreikningar Talnakönnunar.

Á þessu tímabili hækkaði miðgildi tekna fullvinnandi launamanna um 24%, um 17% umfram vísitölu neysluverðs. Hækkanir hjá TR hafa samkvæmt myndinni meira en haldið í við launabreytingar á markaði miðað við miðgildi. Á árinu 2019 er ráðstöfunartekjur lífeyris frá TR með heimilisuppbót 55% af miðgildi ráðstöfunartekna fullvinnandi launamanna einar og sér, svo ljóst er að ekki þarf háar greiðslur frá lífeyrissjóðum til að ná yfir 60% mörkin sem Eurostat-staðallinn miðar við.

Stærð lífeyriskerfisins

Lífeyrissjóðakerfið hefur stækkað mikið allt frá stofnun og lífeyrissjóðir skipta mjög miklu máli í þjóðarbúskapnum. Ágæt ávöxtun undanfarin tvö ár og lítill hagvöxtur (samdráttur árið 2020) valda því að lífeyrissjóðirnir hafa vaxið mjög sem hlutfall af vergri landsframleiðslu undanfarin tvö ár og nálgast nú 200%. Þróunina frá 1997 má sjá á Mynd 65 hér á eftir.

Mynd 65: Stærð lífeyrissjóða sem hlutfall af VLF 1997-2020



Heimild: Seðlabanki Íslands

Athyglisvert er að skoða þróunina undanfarin tvö ár. Lífeyriskerfið hefur stækkað hraðar en oftast áður sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (VLF). Á því eru tvær skýringar: Annars vegar hefur ávöxtun verið þrýðileg, en hins vegar óx hagkerfið lítið árið 2019 og minnkaði í Covid-kreppunni árið 2020.


Hér á eftir er þess freistað að skoða hve stórt lífeyriskerfið verður næstu hálfu öld. Spádómar af þessu tagi eru auðvitað aldrei annað en vísbending um þróunina því að ekki er hægt að spá fyrir um skammtímasveiflur í ávöxtun eða hagkerfinu, hvað þá atburði sem vonandi eru afar fátíðir eins og heimsfaraldurinn. Spá sem hefði verið gerð í janúar árið 2020 hefði hvorki séð fyrir kreppuna né eina bestu raunávöxtun undanfarna áratugi.

Í meginspánni sem hér er birt er miðað við nokkrar grunnforsendur. Gert er ráð fyrir 3,5% raunávöxtun til lengri tíma, reiknað er með tekjuferlum yfir ævina eins og fram kemur í fyrri köflum, varðandi aukningu kaupmáttar er miðað við formúlur í kaflanum um launaþróun og notuð er mannfjöldaspá Talmakönnunar. Öllum þessum forsendum er auðvitað hægt að breyta og við munum skoða breytingar miðað við aðrar ávöxtunartölur og mannfjöldaspár.

Á myndinni er miðað við spá Hagstofunnar¹⁰ um landsframleiðslu næstu þrjú ár (2021-23), en hún svo smám saman lögðu að spá Talmakönnunar þar til þær falla saman árið 2029. Ástæðan fyrir mismun á spám er í líkani Talmakönnunar er horft til langtímaþróunar, en ekki gert ráð fyrir skammtímasveiflum, eins og að framan er rakið. Gert er ráð fyrir því að á áratug verði hagkerfið búið að jafna sig að fullu á bakslaginu vegna Covid.

¹⁰ Sjá þjóðhagsspá 22.3.2021 á vef Hagstofu Íslands.

Mynd 66: Heildareignir lífeyrissjóða sem blutfall af vergri landsframleiðslu




Heimild: Útreikningar Talnakönnunar.

Athygli vekur að lífeyriskerfið heldur áfram að vaxa miðað við landsframleiðslu fram yfir árið 2060 samkvæmt þessu líkani. Það er núna á stærð við liðlega tvöfalda landsframleiðslu, en fer samkvæmt þessu upp undir 280% milli 2050 og 2070. Hér er auðvitað verið að spá langt fram í tímann og erfitt að segja til um hvenær hámarki er náð, en greinilegt að áratugir eru í það, ef forsendur standast.

Landsframleiðslan heldur reyndar líka áfram að vaxa samkvæmt reiknilíkani, þannig að við horfum næst á vöxt heildareigna á föstu verðlagi. Samkvæmt líkaninu munu sjóðirnir nær þrefaldast að raunstærð á næstu hálfri öld.


Mynd 67: Spá um stærð lífeyrissjóða 2021-2070 (stærð 2021 = 100)



Heimild: Útreikningar Talnakönnunar.

Athygli vekur hve mikið lífeyrissjóðirnir vaxa, þrátt fyrir að útlit sé fyrir að lífeyrir að viðbættum kostnaði muni verða hærrí en iðgjöld strax árið 2033 eða þar um bil. Við sjáum það á næstu mynd.

Mynd 68: Afkoma lífeyrissjóða án tillits til fjármunatekna



Heimild: Útreikningar Talnakönnunar.

Myndin sýnir að stutt er í það að afkoma sjóðanna verði neikvæð, ef ekki er tekið tillit til fjármagnstekna. Hækkun grunniðgjalds úr 12% í 15,5% hefur að vísu framlengt þann tíma sem líður fram að þessu, en þó ekki nema um nokkur ár.


Skattar eftirlaunaþega

Oft heyrir talað um að hluti af velferðarbyrðinni svonefndu sé að ekki bara kostnaður við eftirlaun heldur ekki síður sjúkrakostnaður og umönnun. Í þessari jöfnu gleymist oft að líta á skattana sem aldraðir greiða, en þannig standa þeir auðvitað undir hluta af samfélagskostnaðinum.

Jafnframt því sem lífeyrissjóðakerfið hefur styrkst hækka hlutfall skatta þeirra sem eru á eftirlaunaaldri af heildarsköttum. Skoðum fyrst þróunina árin 1993 til 2019. Á Mynd 69 sést að þetta hlutfall hefur allan tímann verið lægra en sem nemur hlutfalli aldraðra af heildarfjölda Íslendinga. Fram að aldamótum eru hlutur aldraðra í sköttum um 8% og fer hægt upp á við allt til ársins 2004, en þá lækkar það tímabundið, væntanlega vegna hárra skattgreiðslna athafnamanna í aðdraganda bankahrunsins. Síðan sést að hlutfallið hefur hækkað skart, úr 8% í tæplega 15%. Á sama tíma hækka hlutfall aldraðra af þjóðinni úr 13% í 16% þannig að bilið á milli skattahlutfallsins og fjöldans er að lokast.

Í þessu sambandi er rétt að benda á að þeir sem eru yngri en 18 ára eru auðvitað tekjulitlir, þannig að myndin gefur ekki í skyn að tekjur ellilífeyrisþega séu jafnmiklar og þeirra sem á aldrinum 18 til 66 ára. Hún sýnir aftur á móti að þeir greiða sífellt vaxandi skatta til þjóðfélagsins.


Mynd 69: Skattgreiðslur aldraðra og hlutfall þeirra af mannfjöldanum 1993-2019



Heimild: Hagstofa Íslands, rsk.is og útreikningar Talnakönnunar.

En hvernig er líklegt að þessi þróun verði í framtíðinni? Hér að framan hefur komið í ljós að greiðslur frá lífeyrissjóðum fara mjög hækkanði næstu áratugin. Þegar þessi þróun er skoðuð næstu hálfu öld sést að hlutfall eftirlauna (ellilífeyrir frá lífeyrissjóðum, séreignasjóðum og greiðslur frá Tryggingastofnun) af launagreiðslum alls (launum og eftirlaunum). Þetta er ekki nákvæmlega það sama og hlutfall skatta, en gefur þó góða hugmynd um hvernig það hlutfall mun þróast. Á Mynd 70 sjáum við hvernig þróunin verður samkvæmt líkaninu.

Mynd 70: Spá um hlutfall eftirlauna af launum landsmanna 2021-2070



Heimild: Útreikningar Talnakönnunar.

Samkvæmt þessu fylgjast ferlarnir að næstu áratugina, en eftir miðja öldina verða eftirlaunin hærra hlutfall en sem nemur hlutfalli eftirlaunaþega af þjóðinni. Þetta sýnir tvennt: Annars vegar að lífeyrisgreiðslur eru orðnar mun meiri en áður var, en jafnframt að aldraðir hafa með lífeyrissparnaði sínum lagt fram sinn skerf til þjóðarbúsins og vafasamt að telja þá byrði á samfélaginu þegar allt er skoðað.

Niðurlag

Í skýrslu þessari er meginefnið framtíð lífeyrissjóðakerfisins. Það er orðið svo stórt að það hefur mikil þjóðhagsleg áhrif. Í árslok 2020 námu eignir lífeyrissjóðanna nær tvöfaldri landsframleiðslu og iðgjöld eru frá 15,5% og yfir 20% af launum allra launþega. Í árslok 2021 verða eignirnar væntanlega meiri en 200% af VLF. Þetta eru því engar smástærðir og mikilvægt að gera sér eins góða grein fyrir líklegri þróun þess og hægt er.

Á undanförunum áratugum hafa orðið miklar breytingar á íslensku samfélagi, rétt eins og gerst hefur um víða veröld. Fólk lifir lengur, fæðingartíðni fer lækkandi, fólk nýtur góðrar heilsu lengur en áður og flutningar milli landa eru auðveldari og algengari en áður.

Skýrslan leiðir í ljós að mikilvægar breytingar hafa orðið á kjörum aldraðra undanfarna áratugi og að sú þróun mun halda áfram. Hver nýr árgangur sem fer á lífeyri fær hærri lífeyri en sá næsti á undan. Standist grunnforsendur munu tekjur aldraðra almennt halda áfram að vaxa og uppfylla kröfur um nægjanlegan lífeyri. Spurningar vakna jafnvel um það hvort rýmka beri heimildir til þess að verja hluta lífeyrissparnaðar til húsnæðiskaupa.

Framlag aldraðra til þjóðarbúsins í skattgreiðslum fer vaxandi. Jafnframt dregur fyrirsjáanlega úr útgjöldum vegna þeirra í almannatryggingakerfinu. Þetta mun vega á móti auknum sjúkra- og umönnunarkostnaði vegna þessa aldurshóps.

Íslenska lífeyriskerfið er mun sterkara en kerfi flestra þeirra landa sem Íslendingar bera sig saman við. Það býr þó við ýmsar ógnir. Meðalævilengd landsmanna fer vaxandi og við því þarf að bregðast. Hlýnun jarðar getur líka haft mikil áhrif á efnahagskerfi heimsins alls og þeirra áhrifa mun einnig gæta hér á landi. Fæðingartíðni hefur lækkað og vægi fólksflutninga milli landa er sífellt vaxandi.

Meginniðurstaðan er þó sú að horft til framtíðar er lífeyriskerfið á Íslandi býsna sterkt og líklegt til þess að uppfylla væntingar um ásættanlegan lífeyri.

